FRÍ

# Ársskýrsla 2018–2020

Engjavegi 6, 104 Reykjavík • fri@fri.is • +354 514 4040 • fri.is

# Ársskýrsla
2018–2020

Kæru þingfulltrúar, fyrir hönd stjórnar FRÍ býð ég ykkur innilega velkomin til 62. Frjálsíþróttaþings, þessa haustþings sem er haldið í Hafnarfirði í skugga COVID faraldursins.

Á þessu þingi gerum við okkar besta til að horfa bjartsýn fram á veginn eftir erfiðasta ár fyrir frjálsíþróttir frá stofnun sambandsins. Við höfum fengið að reyna hvernig lífið er án skipulagðra frjálsíþróttaæfinga eða keppni, það er dapurra líf. Þökk sé ykkur, þingfulltrúar, sem annað öflugt fólk í hreyfingunni gerum við nú okkar besta til að laga okkur að aðstæðum og bjóða upp á skipulagðar æfingar og keppni.

Þrátt fyrir þá myrku daga sem að baki eru fyrir frjálsar þá fólst í þeim lærdómur. Við getum fundað og unnið og komið ýmsum góðum málum áfram með fjarfundum. Er það trú mín að á þessu munum við byggja starfið að einhverju leyti til framtíðar. Við getum haldið snarpa og skilvirka fundi með fjarfundarbúnaði og þannig boðið fólki hvar sem það er statt að taka þátt í samstarfi sem annars er ekki í boði, eða a.m.k. tímafrekara og kostnaðarsamara.

Í þessum rafræna anda er rétt að nefna að þingið í Hafnarfirði er rafrænt þing rétt eins og það síðasta í Kópavogi. Fyrirkomulagið gafst vel þá, við spörum pappir, en ekki síður þá er miðlun meira lifandi og aðgengi að gögnum betra. Undirbúningur þings hefur gengið vel og færi ég þeim sem lagt hafa hönd á plóg færðar góðar þakkir.

Sérstakar þakkir færi ég Hafnarfjarðarbæ sem býður okkur upp á góða aðstöðu hér í Kaplakrika og kvöldverð. Maturinn er undirbúinn og framreiddur af frjálsíþróttadeild FH. Innilegustu þakkir fyrir okkur!

Megi 62. Frjálsíþróttaþing verða okkur minnisstætt sem gott og uppbyggilegt þing fyrir íþróttina sem þingfulltrúa alla, þrátt fyrir aðstæður!

— Freyr Ólafsson formaður FRÍ

# Dagskrá

| Tími | Dagskrárliður |
|---|---|
| 16:20 | Skráning þingfulltrúa hefst |
| 16:50 | Skráningu þingfulltrúa og frágangi kjörbréfa lýkur |
| 17:00 | Þingsetning og kjör starfsmanna og nefnda þingsins<br>Ávarp formanns FRÍ<br>Ávörp gesta<br>Afhending heiðursviðurkenninga |
| 17:45 | Skýrsla stjórnar og reikningar lagðir fram<br>Umræður um skýrslur stjórna og reikninga<br>Framlagning mála<br><br>Kosningar<br>• formanns og annarra stjórnarmanna<br>• formanna fastanefnda<br>• tveggja skoðunarmanna reikninga<br>• fulltrúa á Íþróttaþing ÍSÍ |
| 19:00 | Matarhlé og nefndastörf nefndastörf eru í samræmi við fjölda þingskjala |
| 20:15 | Umræður og afgreiðsla þingmála |
| 21:00 | Þingslit |

# Þingfulltrúar

| | | |
|---|---|---|
| **HFH**<br>59 iðkendur<br>3 þingfulltrúar | **ÍBH**<br>569 iðkendur<br>8 þingfulltrúar | **UMSS**<br>163 iðkendur<br>5 þingfulltrúar |
| **HSH**<br>36 iðkendur<br>2 þingfulltrúar | **ÍBR**<br>686 iðkendur<br>9 þingfulltrúar | **USAH**<br>53 iðkendur<br>3 þingfulltrúar |
| **HSK**<br>405 iðkendur<br>7 þingfulltrúar | **UDN**<br>74 iðkendur<br>3 þingfulltrúar | **USÚ**<br>36 iðkendur<br>2 þingfulltrúar |
| **HSS**<br>34 iðkendur<br>2 þingfulltrúar | **UÍA**<br>50 iðkendur<br>2 þingfulltrúar | **USVH**<br>21 iðkandi<br>2 þingfulltrúar |
| **HSV**<br>65 iðkendur<br>3 þingfulltrúar | **UMSB**<br>86 iðkendur<br>3 þingfulltrúar | **USVS**<br>41 iðkandi<br>2 þingfulltrúar |
| **HSÞ**<br>66 iðkendur<br>3 þingfulltrúar | **UMSE**<br>39 iðkendur<br>2 þingfulltrúar | |
| **ÍBA**<br>74 iðkendur<br>3 þingfulltrúar | **UMSK**<br>215 iðkendur<br>5 þingfulltrúar | |

Efnisyfirlit

Alþjóðlegt samstarf 11
Aðstöðumál 11
RIG-leikarnir 2019 og 2020 12
Frekar af störfum stjórnar 12
Viðurkenningar 21
Íþrótta- og afreksmál 21
Fagteymi 21
Alþjóðleg keppni 23
Mót 2018 24
NM Innanhúss Uppsala, Svíþjóð 24
Vetrarkastmót Evrópu Leiria, Portúgal 26
HM í Utanvegahlaupum Penyagolosa, Spánn 28
NM U23 í fjölþrautum Ullensaker, Noregi 32
EM U18 ára Gyor, Ungverjaland 34
EM fullorðinna Berlín, Þýskalandi 36
NM Baltic U23 ára Gävle, Svíþjóð 36
Eftirfarandi árangur náðist á mótinu: 36
NM U20 ára Hvidovre, Danmörku 38
Eftirfarandi árangur náðist á mótinu: 38
Manchester International Manchester, England 40
Ólympíuleikar ungmenna Buenos Aires, Argentína 42
Norðurlandamót í Víðavangshlaupum Reykjavík, Ísland 44
EM í Víðavangshlaupum Tilburg, Hollandi 46
Mót 2019 48
NM innanhúss Bærum, Noregur 48
EM Innanhúss Glasgow, Skotland 50
Smáþjóðaleikar Budva, Svartfjallaland 52
HM í utanvegahlaupum Miranda do Corvo, Portúgal 52
NM í fjölþrautum U23 Uppsala, Svíþjóð 54
Bauhaus Junioren Galan Mannheim, Þýskaland 54
Evrópubikar í fjölþrautum, 2 deild Madeira, Portúgal 56
Evrópumeistaramót U23 Gävle, Svíþjóð 58
Evrópumeistaramót U20 Borås, Svíþjóð 60
Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar Baku, Azerbaidjan 60
Evrópubikarkeppni landsliða 3.deild Skopje, N-Makedónía 62
NM U20 ára Kristiansand, Noregur 66
Heimsmeistaramót fullorðinna Doha, Katar 66
Norðurlandamót í víðavangshlaupum Heinola, Finnlandi 66
EM í víðavangshlaupum Lissabon, Portúgal 68

Skýrslur nefnda 70
Dómaranefnd 71
Fræðslu- og útbreiðslunefnd 72
Íþrótta- og afreksnefnd 72
Íþróttamannanefnd 73
Langhlaupanefnd 74
Mótanefnd 75
Mannvirkjanefnd 76
Skráningarnefnd 77
Unglinganefnd 81
Öldungaráð 84
Íslandsmet 86
Íslandsmet og besti árangur frá upphafi árið 2018 87
Íslandsmet og besti árangur frá upphafi árið 2019 89
Íslands- og aldursflokkamet sett árið 2018 1/2 91
Íslands- og aldursflokkamet sett árið 2018 2/2 94
Íslands- og aldursflokkamet sett árið 2019 1/3 95
Íslands- og aldursflokkamet sett árið 2019 2/3 97
Íslands- og aldursflokkamet sett árið 2019 3/3 100
Lykiltölur úr ársreikningum 102
Rekstrartekjur 102
Rekstrargjöld 103
Rekstrarliður 104
Eignir 105
Eigið fé og skuldir 105

## Inngangur

Starfstími þeirrar stjórnar sem hér ritar skýrslu hófst undir lok mars 2018 þar sem hún var kjörin á vel lukkuðu Frjálsíþróttaþingi í Kópavogi. Þingið í Kópavogi gekk sérstaklega vel. Þar var mikil og góð samstaða og gekk vinnan vel, bæði í nefndum sem og á sameiginlegum fundum. Á þinginu í Kópavogi urðu nokkur kynslóðaskipti, ungt fók kom inn í stað öflugra kvenna þegar Fríða Rún Þórðardóttir og Lóa Björk Hallsdóttir gengur úr stjórn en inn stigu Kári Steinn Karlsson, Ólympíufari og Fjóla Signý Hannesdóttir, ríkjandi Smáþjóðaleikameistari í 400m grindahlaupi. Var Fríðu Rún og Lóu Björk þakkað sérstaklega þeirra framlag á þingi og hlaut m.a. Fríða Rún silfurmerki ÍSÍ á þinginu. Á fyrsta fundi skipti ný stjórn með sér verkum og var aðalstjórn svo skipuð út það kjörtímabil sem nú er að ljúka.

Í aðalstjórn eru:
Freyr Ólafsson formaður
Fjóla Signý Hannesdóttir varaformaður
Guðlaug Baldvinsdóttir gjaldkeri
Gunnar Svavarsson ritari
Kári Steinn Karlsson meðstjórnandi

Í varastjórn eru:
Eiríkur Mörk Valsson
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir
Helgi S. Haraldsson
Björg Ágústsdóttir
Þórunn Erlingsdóttir

Af ofangreindum stigu nýjar inn Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Þórunn Erlingsdóttir. Vegna anna og áskorana á heimavelli þurftu þau Þórunn Erlingsdóttir og Helgi Haraldsson að segja sig úr varastjórn á tímabilinu. Stjórn var mjög starfsöm og hélt til að mynda fleiri fundi á sínu starfstímabili en þekkt er a.m.k. í seinni tíma sögu stjórnar eða alls 45 formlega fundi en auk þess var margt rætt og jafnvel ákvarðað í umræðuhópi stjórnar á Facebook sem og í tölvupósti. Á COVID tímabilinu alræmda brá stjórn á það ráð að halda stjórnarfundi í gegnum fjarfundarbúnað. Gekk það svo vel að stjórn hélt áfram að halda fjarfundi fyrir valin tilefni.

Þegar stjórn sigldi inn í nýtt tímabil út af þingi í Kópavogi var um þægilegri siglingu að ræða en út af þingi í Reykjavík 2016. Réði þar mestu að stór hluti stjórnar hélt áfram störfum og framkvæmdastjórinn, Guðmundur Karlsson, var áfram við stjórnvölinn. Þá héldu áfram störfum lítið breyttar margar þær gríðar öflugu fastanefndir sem eru svo mikilvægar starfinu. Sami gjaldkeri hélt áfram störfum sem og bókari og utanumhald fjármála í góðum farvegi.

Stjórn hélt stefnumótunarfund og lagði fyrir sig helstu áhersluatriði tímabilsins. Stjórn var þá og þar eftir ofarlega í huga Hlaupa-verkefnið, eins og við köllum það. Hélst vinna við það út starfstímabil stjórnar og nú síðustu mánuði með Gunnlaug Júlíusson sem tímabundinn verkefnastjóra í hlutastarfi. Áfram var unnið af krafti að afreksmálum en þar var mikið starf unnið af afreksstjóra í góðri samvinnu við ÍSÍ en því er ekki að neita að þetta ár 2020 hefur verið í meira lagi sérstakt með frestun Ólympíuleika og niðurfellingu allra helstu verkefna erlendis.

## Inngangur

Afgreiðslu og framgang einstaka mála fráfarandi stjórnar má lesa í opinberum fundargerðum stjórnar, sem og í kaflanum „Frekar af störfum stjórnar", aftar í þessari skýrslu.

**Eftirfarandi gleðjumst við sérstaklega yfir á tímabilinu:**

- Átaki í miðlun sem Kristófer Þorgrímsson hefur leitt svo vel að eftir er tekið.
- Spennandi vinnu við stefnumótun sambandsins og ímyndarmál, nýja táknmynd og útlit sem birt er á þessu þingi.
- Góðri vinnu hjá frábærum fastanefndum FRÍ sem kom okkur áfram í ýmsum málum s.s. Unglingamálum, afreksmálum, hlaupum utan vallar svo eitthvað sé nefnt.
- Rekstur í þokkalegu jafnvægi þrátt fyrir erfiðar aðstæður á köflum.

**Vel hefur gengið á tímabilinu að vinna með okkar lykil samstarfsaðilum. Slíkt verður seint fullþakkað við eftirfarandi fyrirtæki:**

- Bílaleiga Akureyrar
- Hótel Cabin
- Heilsu- og íþróttasvið Icepharma
- Svefn og heilsa
- Valitor
- WorldClass

Auk ofangreindra komu fjölmargir velviljaðir að sem samstarfsaðilar RIG 2019 og 2020.

**Þá hefur sambandið hlotið eftirfarandi styrki á tímabilinu:**

- Athletics Olympic Dividend styrkur Alþjóða frjálsíþróttasambandsins (IAAF), til hlaupaverkefnis FRÍ
- Verkefnastyrkur EAA til almenningshlaupaverkefna

Sérstaklega verður einnig að þakka aukna úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ á tímabilinu sem hefur gefið sambandinu tækifæri til sóknar í afreksmálum.

## Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf hefur verið gott á tímabilinu, en seinni hlutinn sérstaklega hefur litast af áskorunum og takmörkunum vegna COVID-19. Okkar nánasta samstarf er við vini okkar á Norðurlöndunum, Ísland var í forsæti seinni helming tímabilsins og stýrði fundi þjóðanna í Tallinn auk þess að standa fyrir gott starf í áratugistjórnarfundi haustið 2019. Hins vegar varð tímabilið endasleppt og varð að fresta þingi þjóðanna, Nordic congress, vegna COVID-19, mun þingið verða haldið með fjarfundarbúnaði seinni hluta október, með sama sniði og framkvæmdastjórafundur sambandanna sem haldinn var á Zoom í september. Áður hafði Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri sótt fund framkvæmdastjóra í Helsinki og formaður og framkvæmdastjóri sóttu Nordic Congress í Helsinki í mars 2019.

Góður kraftur hefur verið á starfstímabilinu hjá heildarsamtökum okkar European Athletics sem og IAAF, þau síðarnefndu stóðu raunar fyrir nafn- og auðkennisbreytingu á árinu og nefnast nú World Athletics. Var nafnabreytingin samþykkt á þingi World Athletics í Doha, þar sem Guðmundur Karlsson var fulltrúi sambandsins.

Þau sorglegu tíðindi urðu á vordögum að forseti European Athletics, Norðmaðurinn Svein Arne Hansen féll frá. Svein Arne hefur verið einstaklega kraftmikill leiðtogi sambandsins og var því sem von var syrgður af allri hreyfingunni í Evrópu og raunar víðar, enda þekktur fyrir gott starf í áratugi í þágu íþróttarinnar.

## Aðstöðumál

Líkt og rakið er í kaflanum, „Nánar af störfum stjórnar“ hér að neðan fór mikill tími og kraftur í aðstöðumál. Aðstaða til alþjóðlegs mótahalds á höfuðborgarsvæðinu er verulega löskuð um þessar mundir. Er von að sjáist til lands á næsta tímabili. Formaður var m.a. skipaður í starfshóp ÍSÍ um þjóðarleikvanga þar sem reynt var að ná utanum stöðu og þarfir.

Formaður fékk annars ánægjuleg boð nú undir lok starfstímabils stjórnar. Fyrra var boð í vígslu knattspyrnu- og frjálsíþróttahúss ÍR í Mjódd, hið síðara var boð á Egilsstaði til vígslu fimleika- og frjálsíþróttahús Hattar á Egilsstöðum. Gefa þessi hús vonir um skjólgott og öflugt starf innanhúss i frjálsíþróttum. Þá er hafin vinna við byggingu fjölnota húss á Selfossi sem án vafa mun nýtast sunnlenskum frjálsíþróttamönnum vel til framtíðar.

## RIG-leikarnir 2019 og 2020

FRÍ stóð að frjálsíþróttahluta Reykjavík International Games árin 2019 og 2020. Mótið er stór viðburður í frjálsíþróttalífinu. Mótið er hluti af European Athletics Indoor permit mótunum og hefur verið sýnt í beinni útsendingu á RÚV. Bæði árin kom mótið vel út, hvort heldur er íþrótta- eða fjárhagslega. Má þakka það meðal annars bráðgóðum undirtektum samstarfsaðila okkar.

Mótið fær nú orðið athygli og áhuga víðs vegar. Nú í ár, 2020, tóku alls 29 erlendir keppendur þátt í mótinu frá 6 löndum og þurfti að vísa nokkrum áhugasömum frá.




## Frekar af störfum stjórnar

Stjórn FRÍ hefur fjallað um fjölmörg málefni á síðastliðnum tveimur starfsárum, enda lengdist starfsárið nokkuð og haldnir voru 45 stjórnarfundir, hér skal vikið að nokkrum þessara mála: Áfram var haldið af hálfu stjórnar FRÍ og afreksstjóra með að skilgreina regluverk vegna Afreksstefnu FRÍ og Afrekssjóð FRÍ. Eru breytingar og endurrýni vegna áskoranna inn á við en ekkert síður vegna reglu- eða áherslubreytinga hjá ÍSÍ um Afrekssjóð ÍSÍ og kröfur til sérsambanda. Aðildarfélögin hafa verið upplýst reglulega um breytingar á afreksreglum FRÍ og um málin rætt á formannafundum. Almenn ánægja var með vinnuna vegna afreksmálanna og var úthlutun á grunni reglnanna, tvisvar á ári, sú seinni á uppskeruhátíð FRÍ í vetrarbyrjun.

Áfram ræddi stjórn FRÍ nokkuð um blandaða keppni karla og kvenna þá sérstaklega í yngri aldursflokkum. Málið komst á góðan rekspöl og fyrir liggja greinargóðar reglur og túlkanir í reglum vegna þessa. Allt hefur verið gert til þess að standa á bak við fjölgun iðkenda sérstaklega í hinum dreifðari byggðum.

Á Frjálsíþróttaþingi 2018 var samþykkt breyting á lögum FRÍ þess efnis að stjórn væri heimilt milli þinga að breyta reglulgerðum. Nú eru til staðar starfsreglur sem kveða á um að stjórnin getur afgreitt án aðkomu aðildarfélaga óverulegar breytingar, en ef um verulegar breytingar er að ræða þá þarfnast slíkar tillögur aðildarfélaga, áður en stjórn afgreiðir að fullu.

Þá var einnig rætt um dómaramál og námskeiðahald og réttindi. Mikilvægt er að fjölga í dómarastéttinni og um leið að tryggja að dómarastörfin séu unnin af metnaði og alúð. Vel má vera að það þurfi að horfa til annarra sérsambanda í þessu efni t.d. með greiðslu fyrir aðkomu að viðamiklum störfum. Mikilvægast er þó að það séu dómarar á öllum mótum þ.a. þau megi fara fram skv. regluverkinu. Tímatökumál og búnaður vegna þeirra fékk ítarlega umfjöllun, en samkomulag var gert við sveitarfélög fyrir nokkrum árum vegna tímatökubúnaðar. Tímataka ehf. hefur haft þjónustusamning vegna þessa, gert var ráð fyrir að tímatökubúnaðurinn sé afskrifaður að fullu í árslok 2019 og fljótlega hugað að endurnýjun.

Breytingar hafa orðið á stjórnar þátttöku við val á landsliðsfólki eða á keppnisfólki í einstaka keppnisferðum með ríkari aðkomu afreksstjóra. Erindin berast flest frá ÍÞA, Unglinganefnd eða Langhlaupanefnd. Nú er fyrikomulagið í föstu ferli, dagsetningar um ákvarðanir fastar og vinnuferlar skilvirkari. Tryggt hefur verið, eftir fremsta megni, að viðmið/lágmörk/reglur vegna utanlandsmóta séu skýrt framsett og leikreglur öllum ljósar s.s. kostnaðarhlutdeild og styrkir. Þá hefur FRÍ komið til móts við starfsmannahald í þessum ferðum með greiðslu dagpeninga þar sem það á við.

Á nær hverjum stjórnarfundi FRÍ er fjallað um fjármál hreyfingarinnar. Rætt um innheimtu á þjónustutekjum, styrkjum og einnig gjaldahliðinni. Uppgjör á einstaka verkefnum s.s. RIG eða öðrum viðburðum FRÍ. Fjármálin tengjast með beinum og óbeinum hætti rekstri skrifstofu FRÍ og starfsmannahaldi. Það skipulag sem nú er til staðar er alltaf í skoðun en stefnan er að hafa fastráðna starfsmenn til að standa á bak við þau verkefni sem augljóst er að sambandið þarf að vinna að. Má þar m.a. nefna afreksmál, unglingamál og sérstök verkefni eins og hlaupaverkefnið.

Ráðning framkvæmda- og afreksíþróttastjóra fór fram veturinn 2016-2017 eftir að breytingar urðu í starfsmannahaldi, en Guðmundur Karlsson hefur nú starfað hjá FRÍ síðan vorið 2017 með góðum árangri sem framkvæmdastjóri og afreksstjóri FRÍ. Nokkrir verkefnastjórar hafa einnig starfað á skrifstofu FRÍ með

góðum árangri á starfstímabilnu 2018-2020, lengst af Íris Berg Bryde og Kristófer Þorgrímsson en einnig hafa í styttri tíma komið að störfum skrifstofu þau Helga Guðný Elíasdóttir, Magnea Dröfn Hlynsdóttir og Hanna Margrét Hrafnkelsdóttir. Má segja að með öllu þessu fólki hafi skrifstofa FRÍ eflst í hvívetna þrátt fyrir að stundum hafi verið um tímabundnar ráðningar að ræða, en stjórnin þakkar öllu þessu fólki fyrir góð störf og óskar þeim sem farnir eru til annarra starfa velfarnar. Það er von stjórnar FRÍ að geta eflt skrifstofu FRÍ enn frekar. Þá ber að minnast á að Þorkell Stefánsson er verkefnastjóri boðhlaupsverkefnis FRÍ, Sigurður Arnar Björnsson verkefnastjóri A-landsliðsmála og Gunnlaugur Júlíusson er verkefnastjóri hlaupaverkefnisins, allir saman vel þekktir innan hreyfingarinnar í áratugi. Framkvæmdastjórafundur Norðurlandanna var haldinn sumarið 2019 og var góður rómur gerður að mótttöku FRÍ og umsjón. Þá tóku framkvæmdastjóri, formaður og varaformaður þátt í alþjóðastarfi s.s. Evrópuráðstefnunni í Tallin.

Heimasíðan og facebook síðan voru í stöðugri uppfærslu og má þakka það öflugum starfsmönnum. Þá hefur fylgjendum á samfélagsíðu FRÍ á Facebook fjölgað gríðarlega og eru fylgjendur FRÍ einn stærsti fylgjendahópurinn innan sérsambanda ÍSÍ. Gífurlega miklu máli skiptir að halda við fréttaumfjöllun á síðunum og þegar stærri afrek hafa skilað sér í hús er ásókn á síðurnar mjög mikil. Samstarf við fjölmiðla hefur verið með ágætum. Mest er samstarfið við RÚV, en íþróttadeild RÚV verið einna duglegust að fylgja eftir frjálsíþróttakeppni hérlendis og erlendis. Má m.a. minnast á beinar útsendingar frá EM og HM. Aðrir fjölmiðlar hafa einnig flutt fréttir jafnóðum eða með samantektum en ljóst er að með tilkomu samfélagsmiðla og streymisfrétta þá hefur umfjöllun um íþróttaviðburði tekið breytingum. FRÍ telur að hreyfingin þurfi með einum eða öðrum hætti að fylgja eftir þeim breytingum og stuðla að því að mót hérlendis taki mið af þeirri áskorun sem breytingarnar hafa í för með sér. Þá setti stjórn FRÍ af stað vinnu er varðar ímyndarmál FRÍ, endurskoðun á straumum og stefnu m.a. merki hreyfingarinnar. Afraksturinn verður sýndur á Frjálsíþróttaþingi 2020.

FRÍ ehf. er einkahlutafélag í eigu sambandsins. Félagið var sett saman fyrir um 14 árum síðan er hugmyndir voru m.a. uppi um að skilja áhættu og samkeppnisrekstur frá venjubundnum verkefnum FRÍ. Félagið er eignalaust og í því fer engin starfsemi fram. Stjórnarmenn FRÍ eru stjórnarmenn FRÍ ehf. Tímaspursmál

er hvenær félagið lagt niður, en stjórn FRÍ hefur hinsvegar talið að verðmæti séu bundin í stofnun félagsins og tilvist þess og því beri að viðhalda félaginu, án starfsemi.

Stjórn FRÍ hélt færri opna stjórnarfundi á tímabilinu 2018-20, en lagt var upp. Stefnt var að ljúka því átaki sem hófst 2017 með að heimsækja sem flest aðildarfélög. Verkefnið hefur gengið vel, þegar fundir hafa verið haldnir, og vissulega vonbrigði að ekki hafi náðst að funda með öllum félögum. Miklar og góðar upplýsingar hafa farið á milli á fundum sem þessum, en einnig hefur á nokkrum stöðum verið tækifæri til að eiga samræðu við íþróttayfirvöld í sveitarfélaginu og er slík samræða af hinu góða. Er ljóst að opnir stjórnarfundir eru komnir til að vera sem einn af lykilþáttum í samræmingu og upplýsingastreymi til og frá aðildarfélögunum.

Hlaupaverkefni FRÍ sem m.a. hefur gengið undir vinnuheitinu „Hlauptu Ísland“ endurspeglar sig í gríðarlegum áhuga landsmanna á hlaupum, skokki og göngu. Í öllum landshornum eru starfandi stórir og smáir hópar sem hafa þann tilgang að örva landsmenn til þátttöku í hreyfingu s.s. hlaupum. Þessi hópar eiga sumir hverjir aðild að FRÍ í gegnum frjálsíþróttafélög og -deildir en aðrir ekki. Með innleiðingu lýðheilsverkefna á vegum FRÍ þá er ljóst að hér á landi er verðugt tækifæri fólgið í því að ná betur til iðkenda í hlaupahópum og stuðla þannig að auknu samstarfi innan hreyfingarinnar. Þá var sett í vinnslu svokallað Forsetaverkefni sem var samanburðarhæft við erlendar fyrirmyndir. Ákveðið var halda áfram með verkefnið ef það kæmu að því stuðnings- og styrktaraðilar sem því miður tókst ekki á starfstímabilinu. Þessu tengt er umræða um keppnisrétt á frjálsíþróttamótum (s.s. götuhlaupum) og viðurkenningu Íslandsmeta hjá ófélagsbundnum keppendum.

Mótahald krefst mikils utanumhalds á vegum FRÍ og störf mótanefndar gríðarlega mikilvæg, líkt og annarra fagnefnda. Miklar breytingar geta orðið á fyrirhuguðu mótahaldi sökum vallaraðstæðna, starfsmannahalds eða annarra aðstæðna s.s. sóttvarnarreglna. Mótaskráin sem áætlun getur því orðið meira lifandi en ella og þurft aðkomu skrifstofu, stjórnar og aðildarfélaga. Mótamál eru því almennt stór þáttur í starfsemi stjórnar og skrifstofu FRÍ. Án óbeinnar og beinnar aðkomu aðildarfélaga FRÍ væri framgangur mótanna ekki mögulegur. Mikilvægi þess að hreyfingin vinni saman að mótunum með hvatningu og aðkomu sín á milli er mjög mikilvægur. Alltaf vantar starfsmenn á mót og þekking starfsmanna mismikil þegar kemur að mótahaldi. Mikilvægt er að reynslan

skili sér á milli fólks innan og á milli félaga. Gott samstarf er við aðildarfélögin og hefur stjórn FRÍ oftar en einu sinni kallað til fundar, með stuttum fyrirvara, til að leita sameiginlegra lausna. Það er ómetanlegt því mótahald á vegum FRÍ verður aldrei til staðar nema með þátttöku og vilja aðildarfélaga. Stjórn FRÍ vill með einum eða öðrum hætti efla þennan þátt og boðar áherslubreytingar í þessa veru til að tryggja að mótahald, undirbúningur og áætlanir séu með ennþá markvissari framsetningu og eftirfylgni en verið hefur. Mótin eru fjöregg hvers iðkenda og verða mótin að vera það vel slípuð að þau skili tilætluðum tilgangi

Árið 2020 hefur verið FRÍ og allri íþróttastarfsemi hérlendis sem erlendis mjög erfitt. Mótahald á erlendum vettvangi 2018-2019 var með eðlilegum hætti, en keppnisárið 2020 einkenndist meira af tilviljunum heldur en hitt. Mót voru felld niður með skömm-um fyrirvara vegna sóttvarnarreglna og fá landsliðs- og afrek-sverkefni 2020. Það má þó ekki horfa fram hjá því að 18-2019 voru haldin hér á landi NM mót og þá tóku íslenskir keppendur þátt í EM, HM, NM og fleiri viðburðum á erlendum vettvangi líkt og fram kemur í umfjöllum afreksstjóra. Öll þessi umræða ratar inn á stjórnarfundi FRÍ enda eru rík tengsl á milli reksturs sambandsins og erlends mótahalds. Settar voru niður á starfstímanum skýrari reglur um viðurkenningu Íslandsmeta s.s. tilkynningar og lyfjapróf. Þá má nefna að lítið atriði eins og skipu-lag á veitingu verðlauna á mótum getur orðið stórt í vinnslu, enda mikilvæg ábyrgð þeirra semeiga að eiga að vera til staðar við veitingu verðlauna. Án þeirra fer allt í uppnám. Þá má nefna að loks tókst að halda meistaramót í 5.000 kvenna og 10.000 metrum karla á braut, sem ekki hafði verið haldið lengi, það var gleðilegur áfangi.

Málefni öldunga og málefni barna- og unglinga kallast á. Starf-andi eru tvær sérstakar nefndir sem fjalla um hvorn málaflokkinn fyrir sig. Stjórn FRÍ hefur eins og Öldungaráð og Unglinganefnd áform um að efla enn frekar þessa starfsþætti t.d. með aðkomu verkefnastjóra. Fjallað hefur verið um verkefni þessara hópa á fundum stjórnar FRÍ og hefur stjórnin reynt eftir bestu getu að styðja þessa hópa eins og frekast er unnt enda mikilvægt í heildar-samhengi hreyfingarinnar.

Í lok hvers árs er farið yfir umsögn ÍÞA vegna útnefningar á frjálsíþróttakarli og frjálsíþróttakonu ársins. Má segja að með þeirri ákvörðun sem er síðan formlega tilkynnt á uppskeruhátíð FRÍ og síðan endurtekin á viðurkenningarhátíð ÍSÍ í tengslum við val

á Íþróttamanni Íslands að þá sé punkturinn settur yfir i-ið á góðu starfsári frjálsra íþrótta. Afreksíþróttamennirnir sem koma til greina eru alltaf fleiri en einn og fleiri en tveir og virkilega gott að geta litið yfir starfs- og keppnisárið með það að leiðarljósi að meta árangurinn og stefna að því að næsta ár verði enn betra. Langt er síðan sú hefð var tekin upp að velja hvorutveggja karl og konu í lok hvers árs, en lengst af á síðustu öld var aðeins einn einstaklingur valinn fyrir afrek sín.

RIG í febrúarbyrjun á hverju ári er einn stærsti alþjóðlegi íþróttaviðburður sem FRÍ kemur að hérlendis. Undirbúningur og framkvæmd hefur vaxið ár frá ári. RIG2019 og RIG2020 tókust vel og má það þakka öllum þeim tugum sem komu að verkefninu, mótsstjórn, starfsmönnum mótsins, starfsmönnum skrifstofu en ekki hvað síst keppendum innlendum sem erlendum en án jafn öflugs hóps keppenda væri mótið ekki jafn vinsælt og raun ber vitni. RÚV með dyggri aðstoð Sigurbjörns Árna Arngrímssonar sá um beinar útsendingar þ.a. landsmenn nær og fjær gátu fylgst með mótinu allan tímann. RIG tekur mikla orku, er fjárhagslega áhættusamt en um leið skilar miklu sem einn af stærri vetraríþrótta-viðburðum á Íslandi. RIG 2020 var haldið í aðdraganda þeirra hörm-unga sem Covid hellti yfir heimsbyggðina og má segja með sanni að nokkrum dögum eftir mótið hefði það verið blásið af vegna sóttvarnarreglna.

Umræður um kynferðislegt áreiti og einelti héldu áfram enda verkefnið mikilvægt öllum og er um leið varðað af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og ÍSÍ. Stjórn FRÍ hvatti aðildarfélög sín í hvívetna að hefja eftirfylgni í samræmi við leiðbeiningar ÍSÍ, en um leið að fylgja þeim samræmdu skrefum sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið lagði til í formi leiðbeinandi reglna og tilkomu þjónustu. Þá var einnig rætt um innleiðingu á GDPR, en ÍSÍ kynnti reglur um nýja persónuverndarlöggjöf (GDPR) sem tók gildi á Íslandi. ÍSÍ útbjó staðlað form að vinnsluskrá fyrir allar einingar íþróttahreyfingarinnar auk persónuverndarstefnu. Auk voru útbúin form og leiðbeiningar fyrir áhættumat, persónu-verndarstefnu, vinnslusamninga og innleiðingar og úrbótaáætlun fyrir ábyrgðaraðila í hreyfingunni. Þá var tekið til umræðu átröskun og staða barnshafandi afreksiðkenda.

Samstarf ÍSÍ við Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) er með ýmsum hætti. Ekki eingöngu vegna rekstrar Felix sem iðkenda- og stjórnarmannatal í hreyfingunni, heldur miklu frekar m.a. vegna

stefnumörkunar um ýmis mál s.s. afreksmál. FRÍ hlaut á árunum 2018-2020 styrkveitingar úr Afrekssjóði ÍSÍ vegna afreksvinnu FRÍ. Fjármunir þessir renna til afreksstarfs í samræmi við afreksstefnu FRÍ. Þá skiptir miklu að fá sérstaka styrki úr verkefnasjóði ÍSÍ til framgangs einstakra verkefna hvort sem er sem samvinnuverkefni eða sérverkefni á vegum FRÍ.

FRÍ lagði upp úr að halda góðar og skemmtilegar uppskeruhátíðir 2018 og 2019. Þær voru haldnar í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal og mættu nær hundrað manns í hvort skiptið. Um skemmtilega og kröftuga dagskrá var að ræða þar sem heiðursviðurkenningar voru veittar og farið var yfir keppnisárin í máli og myndum. Þessu tengt má nefna að styrktaraðilar og stuðningur fyrirtækja skiptir FRÍ gríðarlegu máli. Aðalstyrktaraðilar FRÍ 2020 eru Valitor, Svefn & heilsa, Bílaleiga Akureyrar, Hotel Cabin, Icepharma (Nike) og World Class.

Tveir formannafundir voru haldnir á starfstímabili stjórnar. Formannafundur að hausti 2018 og hausti 2019 voru haldnir. Formannafundur að vori 2019 féll niður vegna dræmrar þátttöku aðildarfélaga. Á formannafundina mættu formenn og annað lykilfólk úr félögunum, jafnt sem formönnum fastanefnda var sérstaklega boðið að taka þátt. Stjórn kynnti ýmsar nýjar hugmyndir um hreyfinguna auk fastra atriða skv. lögum FRÍ. Á fundunum var einnig farið yfir mótadagskrá. Fjármál voru til umræðu. Þá var í lokin starf vinnuhópa fundarins kynnt auk þess þess almennar umræður voru um einstök mál. Ljóst er að starfstíma stjórnarinnar 2018-2020 verður minnst fyrir miklar umræður um vallaraðstæður og æfinga- og keppnisskilyrði, ekki hvað síst á höfuðborgarsvæðinu. FRÍ á sérlega auðvelt með að þakka stuðning og velvilja sveitarfélaga almennt í garð íþrótta þ.m.t. frjálsíþrótta en FRÍ hefur í kjölfar hvatningar sinnar sl. sumar til sveitarfélaga er varðar áframhaldandi uppbyggingu og viðhald á íþróttamannvirkjum minnt á mikilvægi þess, í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar ár hvert, að fyrirliggjandi keppnis- og æfingaaðstæður séu fullnægjandi s.s. með viðhaldi keppnisbrauta og öðrum svæðum. Tilefni ályktunarinnar var sú niðurstaða að aðildarfélag FRÍ sá sér ekki fært, í ljósi vallaraðstæðna í sveitarfélagi, að halda aðalhluta Meistarmóts Íslands, flytja þurfti því keppnishaldið til innanlands með tilheyrandi kostnaði og óhagræði. Um leið voru aðstæður víða ófullnægjandi og ekki aðstæður til æfinga- og keppni lengst af. Mannvirkjanefnd FRÍ hefur verið mjög virk er varðar úttektir og yfirferð og gott að

eiga fagfólk innan hreyfingarinnar sem þekkir vel til þeirra krafna sem gerðar eru á alþjóða vettvangi. Það er von stjórnar FRÍ að hægt verði að gera ráð fyrir fullnægjandi keppnisaðstæðum í sem flestum sveitarfélögum þ.a. íþróttafélögin og sveitarfélögin geti í sameiningu tekið á móti vaxandi fjölda frjálsíþróttafólks frá öllum landshlutum. Stuðningur sveitarfélaga við íþróttastarfsemi er ómetanlegur enda er gildi íþrótta einn af meginstoðum sterks samfélags.

Þessu samhliða hafa þjóðarleikvangur í Laugardal og öll almenn aðstöðumál verið reglulega til umræðu á stjórnarfundum FRÍ. Stjórn FRÍ ályktaði strax um Laugardalsvöll haustið 2017 þegar ljóst var hvert stefndi með umræðu um völlinn m.a. tengt vinnu KSÍ um nýjan þjóðarleikvang fyrir knattspyrnu. Í upphafi árs 2018 sendi FRÍ stjórnvöldum erindi til að árétta ályktun sína og leggja áherslu á skipan starfshóps til að fara yfir málin með FRÍ, enda ljóst að samtal um framtíð þjóðarleikvangs, sem uppfyllir alþjóðlegar keppniskröfur, fyrir frjálsíþróttir í Laugardal þarf að eiga sér stað áður en lengra er haldið um breytingar á Laugardalsvelli. Frjálsíþróttasamband Íslands er alltaf tilbúið í slíkt samtal og skorast ekki undan lausnarmiðuðum viðræðum öllum íþróttum á Íslandi til heilla. Þrátt fyrir ítrekuð erindi og hvatningu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, þá hefur illa gengið að skipa til vinnu og verkefna. Afar bágborið ástand Laugardalsvallar á árinu 2020 ætti að vera hvatning frekar en hitt.

Stjórn FRÍ hefur í þessu sambandi látið hafa eftir sér í ályktun „Fyrir liggur að vilji og áhugi er hjá mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju D. Alfreðsdóttur, borgarstjóra, Degi B. Eggertssyni og borgarráði til að skipa starfshóp til að fara yfir aðstöðumál frjálsra íþrótta í ljósi hugsanlegrar uppbyggingar Laugardalsvallar fyrir knattspyrnu. Stjórn Frjálsíþróttasambands Íslands fagnar væntanlegri skipan starfshópsins sem settur verður á laggirnar til undirbúnings þessa mikilvæga verkefnis. Stjórn FRÍ mun taka heilshugar þátt í starfshópnum sem ráðherra mun á næstunni skipa með fulltrúum frá Reykjavíkurborg, ÍSÍ, FRÍ og ráðuneytinu til þess að fara yfir málið og gera tillögu um áframhald þess. Stjórn FRÍ ítrekar mikilvægi þess að leita þurfi leiða til uppbyggingar þjóðarleikvangs á alþjóða mælikvarða fyrir frjálsíþróttir í Laugardal í samræmi við reglugerð um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum. Frjálsíþróttasamband Íslands fagnar allri umræðu um framtíð þjóðarleikvangs fyrir íþróttir í Laugardal. Gleðiefni er að sjá fram á tímabæra aðkomu ríkisvaldsins og um leið Reykjavíkurborgar að þjóðar-

leikvangi í nokkrum af höfuðíþróttum okkar Íslendinga. Laugardalsvöllur er nú heimavöllur Íslands í frjálsíþróttum, alþjóðlegur keppnisvöllur, sem og í knattspyrnu. Ljóst er að samtal um framtíð þjóðarleikvangs, sem uppfyllir alþjóðlegar keppniskröfur, fyrir frjálsíþróttir í Laugardal þarf að eiga sér stað áður en lengra er haldið með breytingar á Laugardalsvelli. Frjálsíþróttasamband Íslands er ávallt reiðubúið í slíkt samtal og skorast ekki undan lausnamiðuðum viðræðum öllum íþróttum á Íslandi til heilla“

Þá hefur Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) sumarið 2020 ítrekað að á síðastliðnum árum hafi Reykjavíkurborg og Mennta- og menningarmálaráðuneytið verið upplýst um erfiða stöðu frjálsra íþrótta á Laugardalsvelli m.a. með formlegum erindum. Þá hefur FRÍ ítrekað mikilvægi þess að horfa til framtíðar með nýja staðsetningu fyrir þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir í Laugardal í ljósi þeirrar vinnu sem á sér stað á vegum stjórnvalda, ríkis og borgar, ásamt KSÍ. Stjórn FRÍ horfir til þess að fljótlega muni Mennta- og menningarmálaráðaherra skipa starfshóp ríkis og borgar með FRÍ til að leita lausna á málefnum þjóðarleikvangs fyrir frjálsar íþróttir í Laugardal, líkt og gert hefur verið með HSÍ og KKÍ. FRÍ hefur í ljósi þessa bent á um nokkurt skeið að úrlausnir í aðstöðumálum til framtíðar megi finna, með uppbyggingu alþjóðlegs æfinga- og keppnisvallar, fyrir neðan Suðurlandsbraut, tengt frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Þar yrði hinn nýji þjóðarleikvangur.

FRÍ skorar á Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg að hlutast til um annars vegar að við þá vinnu sem nú á sér stað við endurskoðun fjármálaáætlunar stjórnvalda, sem leggja á framsamhliða fjárlagafrumvarpi á þingsetningarfundi haustið 2020, og þá hins vegar að við gerð 5 ára fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar að minnst sé þjóðarleikvangsverkefnis frjálsra íþrótta í texta og tölum þ.a. ljóst sé að bæði stjórn- og borgaryfirvöld séu á sama hátt að horfa til framtíðar með úrlausnir fyrir frjálsar íþróttir, samhljóða FRÍ.

### Viðurkenningar

- Viðurkenningar árið 2018.
- Uppskeruhátíð FRÍ fór fram í nóvember 2018 í Laugardalshöll. Veittar voru eftirfarandi viðurkenningar.
- Viðurkenningar árið 2019.
- Uppskeruhátíð FRÍ var haldin í nóvember 2019 í Laugardalshöll.

### Íþrótta- og afreksmál

Hér á eftir fylgir samantekt um skipulag og helstu viðburði á íþrótta- og afrekssviði FRÍ á liðnu starfstímabili.

### Fagteymi

Undanfarið hefur verið unnið að því að koma á nýju fagteymi FRÍ. Fagteymið vinnur með afreksfólki FRÍ bæði í hópi fullorðinna og ungmenna.

- Ásmundur Jónsson `nuddari`
- Atlas endurhæfing `sjúkraþjálfun`
- Fríða Rún Þórðardóttir `næringarráðgjöf`
- Berglind Gunnarsdóttir `læknir`
- Hjörtur Gíslason `læknir`
- Hallur Hallsson `sálfræðingur`

# Alþjóðleg keppni

## NM Innanhúss Uppsala, Svíþjóð

Að venju var valið sameiginlegt lið Íslendinga og Dana til keppni á móti Norðmönnum, Svíum og Finnum. Keppnin fór fram í Uppsala Svíþjóð 11. febrúar. Íslenski hópurinn var sterkur, alls ellefu keppendur sem er með mesta móti. Bestum árangri okkar keppenda náði Arna Stefanía Guðmundsdóttir þegar hún varð Norðurlandameistari í 400m hlaupi.



## HM Innanhúss Birmingham, England

Heimsmeistaramótið innanhúss fór fram í Birmingham í Englandi dagana 2.–4. mars og Aníta Hinriksdóttir ÍR var með lágmark í 800m og 1500m og ákvað að einbeita sér að 1500m að þessu sinni þar sem dag-skráin var mjög þétt. Aníta var í þriðja og síðasta riðli og ljóst var að góður tími gæfi henni möguleika á að komast áfram. Hún ákvað því eftir taktíska byrjun að taka forystu og hélt henni í gegnum 800m markið en þá þéttist hlaupið og endaði hún í 8. sæti riðilsins og kom í mark á 4:15,73 mínútum en komst ekki áfram. Góð reynsla á stóra 1500m sviðinu.



| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Arna Stefanía Guðmundsdóttir | FH | 400 m | NM | 54.33 sek |
| Bjarki Gíslason | KFA | Stangarstökk | 8. sæti | 4.86 m |
| Einar Daði Lárusson | ÍR | 60m grindahl. | 7. sæti | 8.46 sek |
| Guðni Valur Guðnason | ÍR | Kúluvarp | 8. sæti | 16.36 m |
| Hulda Þorsteinsdóttir | ÍR | Stangarstökk | 3. sæti | 4.24 m |
| Irma Gunnarsdóttir | Breiðablik | Langstökk | 7. sæti | 5.66 m |
| Ívar Kristinn Jasonarson | ÍR | 400 m | 7. sæti | 49.57 sek |
| Kristinn Torfason | FH | Langstökk | 8. sæti | 6.93 m |
| Tiana Ósk Whitworth | ÍR | 60 m | 8. sæti | 7.65 sek |
| Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir | UMSS | Hástökk | 7. sæti | 1.73 m |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 400 m | 6. sæti | 56.10 sek |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Aníta Hinriksdóttir | ÍR | 1500 m | 8. sæti | 4:15.73 mín |

Mót 2018

## Vetrarkastmót Evrópu Leiria, Portúgal

FRÍ valdi þrjá keppendur að þessu sinni og keppnin fór fram í Leiria í Portugal 10. og 11. mars. Guðni Valur Guðnason ÍR sem var að keppa í fyrsta sinn í fullorðinsflokki náði 7. sæti kringlukastkeppninnar með kasti upp á 61,82 m. Örn Davíðsson FH kastaði 67,42m í spjótkasti karla og endaði í 16. sæti eða rétt neðan við miðjan hóp. Thelma Lind Kristjánsdóttir ÍR kastaði kringlunni 47,52m í flokki U23 ára og náði í 9. sæti.



## HM í ½ Maraþoni Valencia, Spánn

Heimsmeistaramótinð í 1/2 maraþoni fór fram í Valencia á Spáni 24. mars. Ísland átti þrjá keppendur af tæplega 300. Elín Edda Sigurðardóttir ÍR bætti sinn besta tíma um 5 sekúndur þegar hún kom í mark á tímanum 1; 21:20 klst. Með þessu árangri náði hún 104 sæti. Andrea Kolbeinsdóttir ÍR bætti einnig sinn fyrri árangur verulega og hljóp önnur íslenskra kvenna undir 80 mínútna markinu þegar hún kom í mark í 99. sæti á tímanum 1; 19:46 klst. Alls 122 keppendur í kv. flokki.

Arnar Pétursson ÍR kom í mark á tímanum 1:07:29 klst. og endaði 117. sæti af 160 keppendum.



| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Guðni Valur Guðnason | ÍR | Kringlukast | 7. sæti | 61.82 m |
| Örn Davíðsson | FH | Spjótkast | 16. sæti | 67.42 m |
| Thelma Lind Kristjánsdóttir | ÍR | Kringlukast U23 | 9. sæti | 47.52 m |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Elín Edda Sigurðardóttir | ÍR | ½ Maraþon | 104. sæti | 1:21.20 klst |
| Andrea Kolbeinsdóttir | ÍR | ½ Maraþon | 99. sæti | 1:19.46 klst |
| Arnar Pétursson | ÍR | ½ Maraþon | 117. sæti | 1:07.29 klst |

## HM í Utanvegahlaupum   Penyagolosa, Spánn

Sigurjón Ernir Sturluson kom fyrstur íslendinga í mark í Trail World Championship hluta HM í utanvegahlaupum sem fram fór í Penyagolosa þjóðgarðinum á Spáni 14. maí. Hlaupavegalendin var alls 85 km með 5000m hækkun. Þess má geta að um 20% keppenda náðu ekki að klára hlaupið. Sæti og tíma okkar keppenda má sjá í töflunni.



## Smáþjóðameistaramót   Liechtenstein

Annað hvert ár fer fram Smáþjóðameistaramót en þá er keppt á einum degi í stað þriggja og mótið því smærra í sniðum en Smáþjóðaleikarnir. Keppnin fór fram 9. júní í Liechtenstein og í íslenska landsliðinu voru 15 keppendur.

**Töflur með árangri má finna á næstu blaðsíðu.**
Árangurinn var til fyrirmyndar og sérlega ánægjulegt að sjá unga keppendur stíga upp og gaman að vinna bæði boðhlaupin.



| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Sigurjón Ernir Sturluson | FH | 85 km | 121. sæti | 11:23.34 klst |
| Daníel Reynisson | ISL | 85 km | 190. sæti | 12:42.05 klst |
| Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir | ÍR | 85 km | 230. sæti | 13:29.55 klst |
| Guðni Páll Pálsson | ÍR | 85 km | 244. sæti | 14:10.38 klst |
| Þórdís Hrafnkelsdóttir | FH | 85 km | 248. sæti | 14:20.47 klst |
| Hildur Aðalsteinsdóttir | Haukar | 85 km | 263. sæti | 14:59.28 klst |
| Sigríður Einarsdóttir | UFA | 85 km | 266. sæti | 15:13.43 klst |
| Elísabet Margeirsdóttir | Á | 85 km | lauk ekki keppni. | |

## Mót 2018 — Smáþjóðameistaramót — Liechtenstein

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur | |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 100 m | 4. sæti | 11.72 sek | |
| Tiana Ósk Whitworth | ÍR | 100 m | 5. sæti | 11.87 sek | |
| María Rún Gunnlaugsdóttir | FH | 100 m grindahl. | 4. sæti | 14.38 sek | |
| Guðbjörg Jóna | | 200 m | 2. sæti | 23.61 sek | ÍM |
| Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir | ÍR | 200 m | 6. sæti | 24.30 sek | |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 400 m | 4. sæti | 56.49 sek | |
| Andrea Kolbeinsdóttir | ÍR | 3000 m | 5. sæti | 9:45.93 mín | |
| Tiana, Þórdís, Guðbjörg og Hrafnhildur | | 1000 m boðhl. | 1. sæti | 1:11.36 mín | |
| Erna Sóley Gunnarsdóttir | ÍR | Kúluvarp | 4. sæti | 14.26 m | |
| Thelma Lind Kristjánsdóttir | ÍR | Kringlukast | 2. sæti | 52.80 m | AFM |
| Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir | UMSS | Hástökk | 3. sæti | 1.73 m | |
| Ari Bragi Kárason | FH | 100 m | 8. sæti | 10.94 sek | |
| Kolbeinn Höður Gunnarsson | FH | 100 m | 4. sæti | 10.79 sek | |
| Kolbeinn Höður Gunnarsson | FH | 200 m | 1. sæti | 20.89 sek | |
| Ívar Kristinn Jasonarson | ÍR | 400 m | 1. sæti | 47.76 sek | |
| Kristinn Þór Kristinsson | HSK | 800 m | 7. sæti | 1:53.50 mín | |
| Kristinn, Ari, Kolbeinn og Ívar | | 1000 m boðhl. | 1. sæti | 1:52.71 mín | |
| Kristinn Torfason | FH | Langstökk | 5. sæti | 7.31 m | |
| Guðni Valur Guðnason | ÍR | Kringlukast | 1. sæti | 60.25 m | |

**NM U23 í fjölþrautum** Ullensaker, Noregi

Níu keppendur náðu tilskildum lágmörkum á mótið sem að þessu sinni fór fram í Ullensaker Noregi helgina 9.–10. júní. Tveir gátu ekki keppt vegna meiðsla og einnig má að hámarki senda þrjá keppendur í hvern aldursflokk. Fjórir voru með lágmark í flokki 20–22 ára karla og því varð einn heima að sitja. Bestum árangri náði Irma Gunnarsdóttir Breiðablik þegar hún gerði sér lítið fyrir og varð Norðulandameistari í flokki 20-22 ára í sjöþraut.

---

**Bauhaus Junioren Gala** Mannheim, Þýskaland

Ísland átti 5 keppendur á Bauhaus Junioren Gala mótinu sem haldið var í Mannheim Þýskalandi í 23.–25. júní.

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR keppti í 100m og 200m hlaupi. Guðbjörg þjófstartaði í 100m hlaupinu og var því úr leik en barðist um verðlaun í 200m hlaupinu og endaði í 4.sæti á 23,64 sek. Tiana Ósk Whitworth ÍR keppti einnig í 100m og 200m hlaupi. Hún hljóp frábærlega í 100m hlaupinu og jafnaði aldursflokkametin í 18-19 ára og 20-22 ára þegar hún kom fjórða í mark á 11,68 sek. Í 200m hlaupinu kom hún í mark á 24,44 sek og hafnaði í 19. sæti. Þórdís Eva Steinsdóttir FH keppti í 200m og 400m hlaupi. Hún kom í mark í 200m hlaupinu á 24,80 sek. sem gaf henni 25. sætið. Í 400m hlaupi kom hún níunda í mark á tímanum 55,34 sek. Erna Sóley Gunnarsdóttir ÍR keppti í kúluvarpi, varpaði 4 kg kúlunni 14,38 m og hafnaði í 6. sæti. Mímir Sigurðsson FH keppti í kringlukasti og varð í 12.sæti með kasti uppá 48,71m.

Fínn árangur hjá íslensku keppendunum á þessu sterka móti. Það er mjög mikilvægt að okkar bestu unglingar taki þátt í alþjóðlegum mótum og öðlist þannig dýrmæta reynslu.

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Irma Gunnarsdóttir | Breiðablik | Sjöþraut 20-22 ára | 1.sæti | 5.403 stig |
| Helga Margrét Haraldsdóttir | ÍR | Sjöþraut 16-17 ára | lauk ekki keppni | |
| Guðmundur Karl Úlfarsson | Ármann | Tugþraut 20-22 ára | 4.sæti | 6.281 stig |
| Ari Sigþór Eiríksson | Breiðablik | Tugþraut 20-22 ára | 5.sæti | 6.086 stig |
| Benjamín Jóhann Johnsen | ÍR | Tugþraut 20-22 ára | 2.sæti | 6.443 stig |
| Ragúel Pino Alexandersson | UFA | Tugþraut 16-17 ára | 7. sæti | 6.096 stig |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 100 m | — | — |
| | | 200 m | 4. sæti | 23.64 sek |
| Tiana Ósk Whitworth | ÍR | 100 m | 4. sæti | 11.68 sek |
| | | 200 m | 19. sæti | 24.44 sek |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 200 m | 25. sæti | 24.80 sek |
| | | 400 m | 9. sæti | 55.34 sek |
| Erna Sóley Gunnarsdóttir | ÍR | Kúluvarp | 6. sæti | 14.38 m |
| Mímir Sigurðsson | FH | Kringlukast | 12. sæti | 48.71 m |

## EM U18 ára Gyor, Ungverjaland

Evrópumeistaramót U18 fór fram í Gyor í Ungverjalandi 5.–8. júlí. Það voru fimm íslenskir keppendur sem náðu lágmarki og undirbúningur góður. Árangur langt umfram væntingar og að ná þremur íþróttamönnum í úrslit, vinna Evrópumeistaratitil og taka að auki ein bronsverðlaun er ólýsanlegt og mikið afrek sem vakti verðskuldaða athygli. Að auki tryggðu Valdimar Hjalti, Guðbjörg Jóna og Elísabet Rut sér farseðilinn á Ólympíuleika ungmenna með árangrinum.



## HM U20 ára Tampere, Finnland

Heimsmeistaramót 19 ára og yngri fór fram í Tampere Finnlandi dagana 10.–15. júlí. Þrír íslenskir keppendur náðu mjög stífum lágmörkum og það voru allt stelpur að þessu sinni og allar í ÍR. Andrea Kolbeinsdóttir keppti í 3000m hindrunarhlaupi og setti nýtt íslandsmet og kom í mark á tímanum 10:21,26 mín. Hún varð í 22.sæti af 40 keppendum.

Erna Sóley Gunnarsdóttir keppti í kúluvarpi og kastaði 14,56m sem skilaði henni 14. sæti af 28 keppendum. Hún var mjög nálægt því að komast í úrslit en 12 fóru í úrslitin. Tiana Ósk Whitworth keppti í 100m hlaupi og kom í mark á 11,87sek og uppskar 29. sæti af 37 keppendum. Hún komst ekki í undanúrslit en var þó ekki langt frá því.

Mjög góður árangur hjá Andreu sem bætti sig og Ernu Sóleyju sem steig hér inn á alþjóðasviðið og var aðeins hársbreidd frá því að komast í úrslit. Tiana náði ekki alveg að standa undir væntingum en á framtíðina fyrir sér.

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur | |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 100 m | 1. sæti | 11.75 sek | |
| | ÍR | 200 m | 3. sæti | 23.70 sek | |
| Elísabet Rut Rúnarsdóttir | ÍR | Sleggjukast (3,0 kg) | 7. sæti | 61.94 m | |
| Valdimar Hjalti Erlendsson | FH | Kringlukast (1,5 kg) | 9. sæti | 52.31 m | |
| Birna Kristín Kristjánsdóttir | Breiðablik | Langstökk | 22. sæti | 5.48 m | |
| Helga Margrét Haraldsdóttir | ÍR | Kúluvarp (3,0 kg) | 19. sæti | 13.82 m | PB |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Andrea Kolbeinsdóttir | ÍR | 3000 m hindrunarhl. | 22. sæti | 10:21.26 mín |
| Erna Sóley Gunnarsdóttir | ÍR | Kúluvarp | 14. sæti | 14.56 m |
| Tiana Ósk Whitworth | ÍR | 100 m | 29. sæti | 11.87 sek |

## EM fullorðinna Berlín, Þýskalandi

Alls náðu 5 íslenskir keppendur lágmörkum á Evrópumeistaramótið sem fram fór í Berlín dagana 6.–13. ágúst. Arna Stefanía Guðmundsdóttir FH sem var með lágmark í 400m grindahlaupi varð að segja sig frá verkefninu þar sem hún var þunguð.

Aníta Hinriksdóttir ÍR náði lágmarki í 800m og 1500m, Guðni Valur Guðnason ÍR í kringlukasti og Ásdís Hjálmsdóttir Ármanni og Sindri Hrafn Guðmundsson Breiðabliki í spjótkasti.

Árangurinn var viðunandi en til að vera alveg sátt hefðum við viljað sjá einn til tvo ná alla leið í úrslitin. Ekki má gleyma að Aníta, Sindri Hrafn og Guðni Valur eru öll mjög ung og þetta er gott veganesti á vegferð þeirra.

---

## NM Baltic U23 ára Gävle, Svíþjóð

Norðurlandameistarmót 22 ára og yngir fór fram í Gävle í Svíþjóð dagana 10.–11. ágúst og voru sjö Íslendingar á meðal keppenda. Auk Íslands senda Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Finnland og Eistland keppendur á mótið.

Aðstæður á keppnisstað voru góðar en veður gerði keppendum erfitt fyrir. Eftir góðviðri á Norðurlöndum í sumar kom haustið með roki og kulda þá daga sem mótið fór fram.

**Eftirfarandi árangur náðist á mótinu:**

Veðrið var ekki gott og því horfum við frekar á sætin en árangurinn að þessu sinni og þar stóð hópurinn sig með sóma og Hilmar Örn með góð bronsverðlaun í sleggjukasti. Einnig má geta þess að Þóranna Ósk bætti sig í hástökkinu og er að nálgast 1,80m sem aðeins tvær konur hafa stokkið frá upphafi.

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Aníta Hinriksdóttir | ÍR | 800 m | 11. sæti | 2:02.15 mín |
| Guðni Valur Guðnason | ÍR | Kringlukast | 14. sæti | 61.36 m |
| Sindri Hrafn Guðmundsson | Breiðablik | Spjótkast | 20. sæti | 74.91 m |
| Ásdís Hjálmsdóttir | Ármann | Spjótkast | 13. sæti | 58.64 m |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Hilmar Örn Jónsson | FH | Sleggjuk. (7,26 kg) | 3. sæti | 68.32 m |
| Dagbjartur Daði Jónsson | ÍR | Spjótkast (800 gr) | 4. sæti | 72.06 m |
| Irma Gunnarsdóttir | Breiðablik | Langstökk | 4. sæti | 5.79 m |
| Andrea Torfadóttir | FH | 100 m | 5. sæti | 12.25 sek |
| Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir | UMSS | Hástökk | 5. sæti | 1.77 m |
| Thelma Lind Kristjánsdóttir | ÍR | Kringluk. (1,0 kg) | 5. sæti | 48.51 m |
| Vigdís Jónsdóttir | FH | Sleggjuk. (4,0 kg) | 6. sæti | 57.63 m |
| Irma Gunnarsdóttir | Breiðablik | Kúluvarp (4,0 kg) | 6. sæti | 13.19 m |
| Thelma Lind Kristjánsdóttir | ÍR | Kúluvarp (4,0 kg) | 7. sæti | 13.14 m |

## NM U20 ára Hvidovre, Danmörku

Norðurlandameistarmót 19 ára og yngri fór fram helgina 10-11 ágúst í Hvidovre Danmörku. Ísland tefldi fram 20 keppendum í sameiginlegu liði Íslands og Danmerkur á móti hinum Norðurlöndunum. Þetta er hæsta hlutfall sem við höfum náð en valreglur eru að tveir keppendur sem hafa bestan árangur eru valdir í allar greinar, óháð því hvort keppandinn er danskur eða íslenskur. Hér að neðan má sjá lista yfir íslenska keppendur, keppnisgreinar og árangur.




**Eftirfarandi árangur náðist á mótinu:**
Niðurstaðan var mjög góð hjá ungu liði okkar og Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir varð tvöfaldur Norðurlandameistari, Tiana Ósk Whitwort með tvenn silfurverðlaun og Erna Sóley einnig með silfur. Þórdís Eva og Birna Kristín náðu svo í bronsverðlaun. Mikil og björt framtíð hjá okkur og magnað að sjá tvo íslenska spretthlaupara í efstu sætunum.

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur | |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 100 m | 1. sæti | 11.47 sek | |
| | | 200 m | 1. sæti | 23.49 sek | |
| Tiana Ósk Whitworth | ÍR | 100 m | 2. sæti | 11.53 sek | |
| | | 200 m | 2. sæti | 24.00 sek | |
| Erna Sóley Gunnarsdóttir | ÍR | Kúluvarp | 2. sæti | 14.21 m | |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 400 m | 3. sæti | 55.48 sek | |
| Birna Kristín Kristjánsdóttir | Breiðablik | Langstökk | 3. sæti | 5.86 m | |
| Elísabet Rut Rúnarsdóttir | ÍR | Sleggjukast (4,0 kg) | 5. sæti | 54.13 m | |
| Helga Þóra Sigurjónsdóttir | Fjölnir | Hástökk | 6. sæti | 1.66 m | |
| Sara Hlín Jóhannsdóttir | Breiðablik | 400 m grindahl. | 6. sæti | 1:05.46 | PB |
| Vilborg María Loftsdóttir | ÍR | Langstökk | 7. sæti | 5.30 m | |
| Eva María Baldursdóttir | Selfoss | Hástökk | 8. sæti | 1.63 m | |
| Vilborg María Loftsdóttir | ÍR | Þrístökk | 8. sæti | 11.25 m | |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 400 m grindahl. | Lauk ekki keppni | | |
| Boðhlaupssveit stúlkna | | 4×100 m boðhl. | Lauk ekki keppni | | |
| Helga Margrét Haraldsdóttir | ÍR | 100 m (aukahlaup) | 5. sæti | 12.38 sek | |
| Birna Kristín Kristjánsdóttir | Breiðablik | 100 m (aukahlaup) | 3. sæti | 12.24 sek | |
| Tómas Gunnar Gunnarsson S. | FH | Kúluvarp (6,0 kg) | 4. sæti | 16.22 m | |
| Baldvin Þór Magnússon | UFA | 5000 m | 5. sæti | 16:40.77 m | |
| Mímir Sigurðsson | FH | Kringlukast | 7. sæti | 48.67 m | |
| Hinrik Snær Steinsson | FH | 400 m | 7. sæti | 50.22 sek | |
| Dagur Fannar Einarsson | Selfoss | 400 m grindahl. | 8. sæti | 57.36 sek | PB |
| Birgir Jóhannes Jónsson | ÍR | Þrístökk | 8. sæti | 13.19 m | |
| Róbert Khorchai Angeluson | Selfoss | Spjótkast | 8. sæti | 48.90 m | |

## Manchester International   Manchester, England

Manchester International fór fram þriðja árið í röð og að þessu sinni 15 ágúst. Ísland var með keppendur á mótinu í fyrsta skiptið. Hér keppir lið Englands gegn Skotlandi, Norður Írlandi, Wales, Bretlandi 19 ára og yngri og alþjóðlegu liði, auk einstaklingskeppni. Í alþjóðlega liðinu voru níu íslenskir keppendur ásamt keppendum frá Danmörku, Jamaíku og Nýja Sjálandi.

**Eftirfarandi árangur náðist á mótinu:**
Í heildina mjög góður árangur og glæsilegt hjá Guðna Val og Hafdísi sem bæðu náðu sigri og mótsmeti og vakti það verðskuldaða athygli.

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur | |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðni Valur Guðnason | ÍR | Kringlukast | 1. sæti | 62.91 m | MM |
| | | Kúluvarp | 3. sæti | 17.35 m | |
| Hafdís Sigurðardóttir | UFA | Langstökk | 1. sæti | 6.24 m | MM |
| Hilmar Örn Jónsson | FH | Sleggjukast | 4. sæti | 64.42 m | |
| Hlynur Andrésson | ÍR | 1500 m | 4. sæti | 3:49.47 mín | |
| Ívar Kristinn Jasonarson | ÍR | 400 m grindahl. | 5. sæti | 51.76 sek | PB |
| Kristín Karlsdóttir | FH | Kringlukast | 5. sæti | 46.39 m | |
| Kristinn Þór Kristinsson | HSK | 800 m | 6. sæti | 1:53.90 mín | |
| Jóhann Björn Sigurbjörnsson | UMSS | 100 m | 7. sæti | 10.70 sek | |
| Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir | ÍR | 100 m | 8. sæti | 12.03 sek | |
| | | 200 m | 7. sæti | 24.56 sek | |

## Ólympíuleikar ungmenna  Buenos Aires, Argentína

Leikarnir fóru fram í Buenos Aires dagana 6-18 október. Upplegggið er að keppendur eru frá 15 ára aldri og að hámarki 18 ára. Þrír íslenskir keppendur náðu lágmörkum að þessu sinni og er það besti árangur okkar hingað til. Það var frábær árangur þeirra á EM U18 ára fyrr á árinu sem gerði útslagið en í grunninn var reiknað með einum keppanda frá FRÍ og þá á kvóta.

Valdimar Hjalti Erlendsson FH keppti í kringlukasti og ÍR-stelpurnar Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir í 200m hlaupi og Elísabet Rut Rúnarsdóttir í sleggukasti. Nýtt fyrirkomulag var notað en allir keppendur fengu að taka þátt í forkeppni og úrslitum og gilti samanlagður árangur til að ákvarða sæti. Þetta gerði forkeppnina enn mikilvægari en áður og var þetta almennt vel séð. Öll stóðu þau sig með mikilli prýði en svekkjandi var fyrir Elísabetu að gera öll fjögur köst forkeppni sleggjukastins ógild en í úrslitum kastaði hún 63,52m og náði þar 3ja sætinu en endaði mun neðar í heildina.

Valdirmar Hjalti gerði sér lítið fyrir og bætti sinn persónulega árangur í úrslitum þegar hann kastaði 57,46m og endaði hann samanlagt í sjötta sæti sem er mjög góður árangur.

Hápunktur keppninnar var síðan stórkostlegur árangur Guðbjargar Jónu sem setti Íslandsmet í 200m hlaupinu í forkeppninni þegar hún sigraði með yfirburðum á tímanum 23,55sek. Hún gerði sér svo lítið fyrir og bætti metið aftur í úrslitunum og varð Ólympíumeistari ungmenna. Hún kom í mark á tímanum 23,47sek.

Algjörlega magnað ár hjá Guðbjörgu, Evrópumeistari í 100m hlaupi og bronsverðlaun í 200m hlaupi og svo að enda með því að vinna Ólympíugull á þessum leikum er draumi líkast og vel yfir væntingum okkar.



| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur | |
|---|---|---|---|---|---|
| Elísabet Rut Rúnarsdóttir | ÍR | Sleggjukast | 3. sæti | 63.52 m | |
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 200 m | 1. sæti | 23.47 sek | ÍM |
| Valdimar Hjalti Erlendsson | FH | Kringlukast | 6. sæti | 57.46 m | |

## Norðurlandamót í Víðavangshlaupum
Reykjavík, Ísland

Norðurlandameistaramótið í víðavangshlaupum fór fram í Laugardalnum 10.nóvember og alls voru 92 keppendur skráðir til leiks frá Norðurlöndunum ásamt Færeyjum. Keppt var bæði í einstaklings- og liðakeppni í fjórum flokkum; karla- og kvennaflokki og flokki stúlkna og pilta 19 ára og yngri. Stúlkurnar hlupu 4,5 km, piltarnir 6 km, konurnar 7,5 km og karlarnir 9 km. Í liðakeppninni voru stig reiknuð út frá þremur efstu keppendum frá hverju landi fyrir sig. Í karlakeppninni voru það hins vegar fjórir efstu.

Sjö íslenskar konur hófu keppni. Elín Edda Sigurðardóttir varð 16. á tímanum 31:09 mínútum, Íris Anna Skúladóttir varð 17. á 31:21 mínútum, Arndís Ýr Hafþórsdóttir var 18. á 31:50 mínútum, Helga Guðný Elíasdóttir varð 19. á 32:22 mínútum, Rannveig Oddsdóttir varð 20. á 32:40 mínútum og Anna Berglind Pálmadóttir varð 21. á 34:25 mínútum.

Aníta Hinriksdóttir kláraði ekki hlaupið, en 20 keppendur af þeim 24 sem voru skráðir til leiks kláruðu. Í liðakeppninni sigraði Svíþjóð og urðu íslensku konurnur í fjórða sæti.

Sex íslenskir karlar voru skráðir til keppni í karlakeppninni. Hlynur Andrésson náði þar bestum árangri, 7. sæti á tímanum 29:26 mínútum. Guðni Páll Pálsson varð 23. á 32:27 mínútum, Þórólfur Ingi Þórsson varð 24. á 32:37 mínútum, Sæmundur Ólafs-son varð 25. á 33:23 mínútum, Vignir Már Lýðsson varð 26. á 34:27 mínútum og Vilhjálmur Þór Svansson varð 27. á 35:18 mínútum.

Í liðakeppninni sigraði Danmörk og íslenska liðið endaði í fimmta sæti.

Tvær íslenskar stúlkur voru skráðar til keppni í flokki 19 ára og yngri. Sara Mjöll Smáradóttir var í 15. sæti á tímanum 20:02 mínútum og í 16. sæti varð Sólrún Soffía Arnardóttir á tímanum 20:50 mínútum. Í liðakeppninni sigraði Finnland og íslensku stelpurnar urðu í fimmta sæti. Í flokki pilta 19 ára og yngri voru fjórir íslenskir keppendur.

Daði Arnarson kom þeirra fyrstur í mark og varð í 16. sæti á tímanum 22:59 mínútum, Dagbjartur Kristjánsson hafnaði í 17. sæti á 23:05 mínútum og Andri Már Hannesson hafnaði í 18. sæti á 23:55 mínútum. Hlynur Ólason lauk ekki keppni en 18 keppendur kláruðu hlaupið af þeim 22 sem skráðir voru til leiks. Í liðakeppninni sigraði Noregur og Ísland varð í fimmta sæti. Frammistaðan var mjög viðunandi en mótið er gríðarlega sterkt og við höfum ekki mikla hefð í víðavangshlaupum. Endurgjöf gestanna var mjög jákvæð og umgjörðin til sóma.

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Elín Edda Sigurðardóttir | ÍR | 6 km | 16. sæti | 31:09 mín |
| Íris Anna Skúladóttir | Fjölnir | 6 km | 17. sæti | 31:21 mín |
| Arndís Ýr Hafþórsdóttir | Fjölnir | 6 km | 18. sæti | 31:50 mín |
| Helga Guðný Elíasdóttir | Fjölnir | 6 km | 19. sæti | 32:22 mín |
| Rannveig Oddsdóttir | UFA | 6 km | 20. sæti | 32:40 mín |
| Anna Berglind Pálmadóttir | UFA | 6 km | 21. sæti | 34:25 mín |
| Aníta Hinriksdóttir | ÍR | 6 km | lauk ekki keppni | |
| Hlynur Andrésson | ÍR | 9 km | 7. sæti | 29:26 mín |
| Guðni Páll Pálsson | ÍR | 9 km | 23. sæti | 32:27 mín |
| Þórólfur Ingi Þórsson | ÍR | 9 km | 24. sæti | 32:37 mín |
| Sæmundur Ólafsson | ÍR | 9 km | 25. sæti | 33:23 mín |
| Vignir Már Lýðsson | ÍR | 9 km | 26. sæti | 34:27 mín |
| Vilhjálmur Þór Svansson | ÍR | 9 km | 27. sæti | 35:18 mín |
| Sara Mjöll Smáradóttir | Breiðablik | 4,5 km | 15. sæti | 20:02 mín |
| Sólrún Soffía Arnardóttir | FH | 4,5 km | 16. sæti | 20:50 mín |
| Daði Arnarson | FjölElding | 7,5 km | 16. sæti | 22:59 mín |
| Dagbjartur Kristjánsson | ÍR | 7,5 km | 17. sæti | 23:05 mín |
| Andri Már Hannesson | ÍR | 7,5 km | 18. sæti | 23:55 mín |
| Hlynur Ólason | ÍR | 7,5 km | lauk ekki keppni | |

## EM í Víðavangshlaupum Tilburg, Hollandi

Evrópumótið í víðavangshlaupum fór fram í Tilburg í Hollandi 9. desember. Þetta var stærsta mótið hingað til með 590 keppendur frá 38 löndum. Hlynur Andrésson ÍR keppti fyrir okkar hönd og var keppnisvegalendin 10300 metrar á mjög erfiðu undirlagi.

Hlynur kom í mark á tímanum 30:25 mínútum. 1:36 mínútum á eftir fyrsta manni sem var Norðmaðurinn Filip Ingebrigtsen og í 41. sæti af þeim 85 sem luku keppni í hans flokki. Flottur árangur þar sem hann var að keppa við sterkustu hlaupara í Evrópu.

Hlynur setti mörg Íslandsmet á árinu og var valinn mikilvægasti frjálsíþróttakarl ársins í lokahófi FRÍ. Hann stóðst vissulega undir væntingum árið 2018. Framtíðarmaður.

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Hlynur Andrésson | ÍR | 10.300 m | 41. sæti | 30:25 mín |

## NM innanhúss Bærum, Noregur

NM innanhúss eða Nordenkampen fór fram í Bærum Noregi 10 febrúar. Að þessu sinni voru sex keppendur frá Íslandi. Guðbjörg Jóna, Þórdís Eva, Aníta, María Rún, Kormákur Ari og Hafdís Sigurðar. Hafdís vann silfur með stökki uppá 6,34 m og María Rún setti persónulegt met í hástökki, fór yfir 1,75 m.

## EM Innanhúss Glasgow, Skotland

Þrír keppendur voru með lágmark á EM innanhúss sem fram fór í Glasgow 1-3 mars. Aníta Hinriksdóttir ÍR gat ekki tekið þátt vegna meiðsla. Hlynur Andrésson ÍR keppti á sínu fyrsta stórmóti í 3000m hlaupi. Hlynur kom í mark á tímanum 8:06,97 mín og endaði í 23. sæti af 33 keppendum. Hafdís Sigurðardóttir UFA keppt á sínu fjórða stórmóti í langstökki og stökk 6,34m og endaði í 16. sæti af 32 keppendum



| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur | |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 200 m | 8. sæti | 24.19 sek | |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 400 m | 5. sæti | 55.75 sek | |
| Aníta Hinriksdóttir | ÍR | 800 m | 4. sæti | 2:06.40 mín | |
| María Rún Gunnlaugsdóttir | FH | Hástökk | 7. sæti | 1.75 m | PB |
| Kormákur Ari Hafliðason | FH | 400 m | 6. sæti | 48.55 sek | |
| Hafdís Sigurðardóttir | UFA | Langstökk | 2. sæti | 6.34 m | |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Hlynur Andrésson | ÍR | 3000 m | 23. sæti | 8:06.97 mín |
| Hafdís Sigurðardóttir | UFA | Langstökk | 16. sæti | 6.34 m |

## Smáþjóðaleikar Budva, Svartfjallaland

Að þessu sinni voru 21 keppandi frá FRÍ valdir. Íslenska liðið varð í öðru sæti yfir fjölda verðlauna í frjálsíþróttakeppninni. Níu gull, níu silfur og átta brons. Samtals 26 verðlaun sem er glæsilegt fyrir 21 manna lið.

Á ljósmynd f.v
Þórdís Eva Steinsdóttir
Tiana Ósk Withworth
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir
Birna Kristín Kristjánsdóttir



| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Andrea Kolbeinsdóttir | ÍR | 5000 m | 3. sæti | 17:01.65 mín |
| Aníta Hinriksdóttir | ÍR | 1500 m | 2. sæti | 4:22.34 mín |
| Arnar Pétursson | ÍR | 5000 m | 5. sæti | 15:05.79 mín |
| | | 10.000 m | 3 sæti | 31:01.54 mín |
| Birna Kristín Kristjánsdóttir | Breiðablik | Langstökk | 5. sæti | 5,85 m |
| | | Hástökk | 6. sæti | 1,71 m |
| Dagbjartur Daði Jónsson | ÍR | Spjótkast | 1. sæti | 77.58 m |
| Elín Edda Sigurðardóttir | ÍR | 10.000 m | 5. sæti | 37:26.83 mín |
| Fjóla Signý Hannesdóttir | HSK | 400 grindahl. | 1. sæti | 1:02.60 mín |
| | | 100 grindahl. | 4. sæti | 14.82 sek |
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 100 m | 1. sæti | 11,79 sek |
| | | 200 m | 1. sæti | 24.26 sek |
| Guðni Valur Guðnason | ÍR | Kringla | 2. sæti | 57.64 m |
| | | Kúluvarp | 3. sæti | 17,83 m |
| Hafdís Sigurðardóttir | UFA | Langstökk | 1. sæti | 6,42 m |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Hlynur Andrésson | ÍR | 3000 hindrun | 1. sæti | 8:57.20 mín |
| | | 5000 m | 2. sæti | 14:23.21 mín |
| Irma Gunnarsdóttir | Breiðablik | Þrístökk | 3. sæti | 12,09 m |
| | | Spjótkast | 4. sæti | 41.10 m |
| Ísak Óli Traustason | UMSS | 110 grindahl. | 2. sæti | 14.85 sek |
| | | Langstökk | 5. sæti | 7.01 m |
| Ívar Kristinn Jasonarson | ÍR | 400 grindahl. | 1. sæti | 52.31 sek |
| | | 200 m | 2. sæti | 21.90 sek |
| Jóhann Björn Sigurbjörnsson | UMSS | 100 m | 5. sæti | 11.05 sek |
| | | 200 m | 7.sæti | 22.22 sek |
| Kormákur Ari Hafliðason | FH | 400 m | 6. sæti | 49.44 sek |
| Kristín Karlsdóttir | FH | Kringla | 3. sæti | 49.77 m |
| Kristinn Torfason | FH | Langstökk | 5. sæti | 6.79 m |
| | | Þrístökk | 4. sæti | 14.18 m |
| María Rún Gunnlaugsdóttir | FH | 100 grindahl. | 3. sæti | 14.65 sek |
| | | Hástökk | 4. sæti | 1.74 m |
| | | Spjótkast | 2. sæti | 46.72 m |
| Tiana Ósk Whitworth | ÍR | 100 m | 2. sæti | 11.88 sek |
| | | 200 m | 2. sæti | 24.52 sek |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 400 m | 1. sæti | 56.39 sek |
| Kristinn, Ívar, Kormákur og Ísak | | 4×100 m boðhl. | 3. sæti | 42.54 sek |
| Birna, Þórdís, Tiana og Guðbjörg | | 4×100 m boðhl. | 2. sæti | 45.96 sek |
| Ísak, Hlynur, Kormákur og Ívar | | 4×400 m boðhl. | 3. sæti | 3:18.45 mín |
| Guðbjörg, Fjóla, María og Þórdís | | 4×400 m boðhl. | 1. sæti | 3:49.42 mín |

## HM í utanvegahlaupum Miranda do Corvo, Portúgal

HM í utanvegahlaupum fór fram í Miranda do Corvo Portúgal 8 júní. Átta keppendur komu frá Íslandi, fjórir karlar og fjórar konur en keppnin er bæði einstaklings- og liðakeppni . Karlarnir sem tóku þátt voru Ingvar Hjartarson, Örvar Steingrímsson, Sigurjón Örn Sturluson og Þórólfur Ingi Jónsson. Konurnar voru þær Anna Berglind Pálmadóttir, Rannveig Oddsdóttir, Melkorka Árný Kvaran og Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir. Hlaupalengdin var um 44 km með 2200 m hækkun og því mjög krefjandi. Alls voru um 450 keppendur frá 50 löndum á mótinu og árangur okkar keppenda var vonum framar. Bestum árangri íslensku karlanna í einstaklingskeppni náði Sigurjón en hann kom í mark í sæti 113 á tímanum 4:29,49 klst, bestum árangri okkar kvenna náði Anna Berglind Pálmadóttir sem varð í 80.sæti á tímanum 5;17,04 klst. Kvennaliðið náði mjög góðu 22. sæti og karlaliðið 28.sætinu í liðakeppninni sem var sérlega vel gert enda mikil afföll þar. Ljóst er að mikil gróska er í utanvega-hlaupum og nú er ljóst World Athletics tekur þessi mót undir sinn hatt frá og með 2021 og mun það enn frekar auka á áhuga og gæði mótsins.

## NM í fjölþrautum U23 Uppsala, Svíþjóð

Norðurlandamótið í fjölþrautum 22 ára og yngri fór fram í Uppsala Svíþjóð dagana 8. og 9. júní. Sjö keppendur náðu settum lág-mörkum á mótið en það voru þau Glódís Edda Þuríðardóttir KFA, Dagur Fannar Einarsson Selfoss og Jón Þorri Hermannsson KFA sem kepptu í U18 og Irma Gunnarsdóttir, Sindri Magnússon, Ari Sigþór Eiríksson öll úr Breiðabliki og Gunnar Eyjólfsson UFA í U23. Bestum árangri náði Sindri Magnússon en hann vann til brons-verðlauna í sínum flokki og fékk 6183 stig.



| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Ingvar Hjartarson | Fjölnir | 44 km | 116. sæti | 4:31.06 klst |
| Örvar Steingrímsson | ÍR | 44 km | 140. sæti | 4:43.50 klst |
| Sigurjón Örn Sturluson | FH | 44 km | 113. sæti | 4:29.49 klst |
| Þórólfur Ingi Jónsson | ÍR | 44 km | Lauk ekki keppni | |
| Anna Berglind Pálmadóttir | UFA | 44 km | 80. sæti | 5:17.04 klst |
| Rannveig Oddsdóttir | UFA | 44 km | 93. sæti | 5:23.08 klst |
| Melkorka Árný Kvaran | ÍSÍ | 44 km | 121 sæti | 5:39.00 klst |
| Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir | FH | 44 km | 136 sæti | 5:56.11 klst |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Glódís Edda Þuríðardóttir | KFA | U18 | 12. sæti | 4.061 stig |
| Dagur Fannar Einarsson | Selfoss | U18 | 9. sæti | 5.996 stig |
| Jón Þorri Hermannsson | KFA | U18 | 8. sæti | 6.046 stig |
| Irma Gunnarsdóttir | Breiðablik | U23 | 7. sæti | 4.880 stig |
| Sindri Magnússon | Breiðablik | U23 | 3. sæti | 6.183 stig |
| Ari Sigþór Eiríksson | Breiðablik | U23 | 4. sæti | 6.034 stig |
| Gunnar Eyjólfsson | UFA | U23 | 5. sæti | 5.980 stig |

**Bauhaus Junioren Galan** Mannheim, Þýskaland

Átta keppendur náðu lágmarki til keppni á þessu alþjóðlega sterka móti sem fram fer árlega. Mótið fór að venju fram í Mannheim dagana 29 og 30 júní. Keppendur Íslands voru; Birna Kristín Kristjánsdóttir Breiðablik, Erna Sóley Gunnarsdóttir ÍR, Elísabet Rut Rúnarsdóttir ÍR, Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR, Hinrik Snær Steinsson FH, Tiana Ósk Whitworth ÍR, Valdimar Hjalti Erlendsson FH og Þórdís Eva Steinsdóttir FH. Árangur þeirra vakti mikla athygli og unnu þau til tveggja gullverðlauna, tveggja silfurverðlauna og einna bronsverðlauna en hápunkturinn var að Tiana Ósk bætti 15 ára gamalt Íslandsmet Sunnu Gestsdóttur í 100m hlaupi í undanriðlum þegar hún kom í mark á 11,57 sek. Guðbjörg Jóna bætti svo metið um 1/100 í úrslitum og tryggði tvöfaldan íslenskan sigur um leið. Tími og nýtt met Guðbjargar var 11,56 sek.

---

**Evrópubikar í fjölþrautum, 2 deild** Madeira, Portúgal

Evrópubikarkeppnin í fjölþraut 2.deild fór fram á Madeira 6 og 7 júlí. Sex keppendur voru valdir til keppni að þessu sinni. María Rún Gunnlaugsdóttir FH náði bestum árangri íslensku keppendanna og fékk bronsverðlaun á mótinu. Hún bætti sinn besta persónulega árangur og náði 5562 stig í sjöþraut. Benjamín Jóhann Johnsen ÍR bætti einnig sinn persónulega árangur og endaði í fimmta sæti í tugþraut með 7146 stig. Glódís Edda Þuríðardóttir KFA kláraði sína fyrstu sjöþraut með kvennaáhöldum en hún var aðeins sextán ára gömul í keppninni. Glódís fékk 4777 stig og endaði í þrettánda sæti. Ísak Óli Traustason UMSS varð einnig þrettándi með 6695 stig. Að auki kepptu Andri Fannar Gíslason KFA og Sindri Magnússon Breiðabliki í tugþraut en luku ekki keppni. Þetta var því miður í síðasta sinn í bili sem keppnin fer fram en það er ákvörðun Evrópusambandins og ljóst að það þarf að finna önnur verkefni fyrir okkar þrautafólk.

Þórdís Lilja Gísladóttir, Sigurður Arnar Björnsson, Ísak Óli Traustason, Benjamín Jóhann Johnsen, Andri Fannar Gíslason, Sindri Magnússon, María Rún Gunnlaugsdóttir, Glódís Edda Þuríðardóttir, Þráinn Hafsteinsson.

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Hinrik Snær Steinsson | FH | 200 m | 25. sæti | 22.39 sek |
| | | 400 m | 12. sæti | 49.04 sek |
| Valdimar Hjalti Erlendsson | FH | Kringlukast | 4. sæti | 57.16 m |
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 100 m | 1. sæti | 11.56 sek |
| | | 200 m | 2. sæti | 23.51 sek |
| Tiana Ósk Whitworth | ÍR | 100 m | 2. sæti | 11.57 sek |
| | | 200 m | 5. sæti | 23.79 sek |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 200 m | 21. sæti | 25.08 sek |
| | | 400 m | 16. sæti | 57.24 sek |
| Birna Kristín Kristjánsdóttir | Breiðablik | Langstökk | 10. sæti | 6.12 m |
| Erna Sóley Gunnarsdóttir | ÍR | Kúluvarp | 1. sæti | 15.90 m |
| Elísabet Rut Rúnarsdóttir | ÍR | Sleggjukast | lauk ekki keppni | |
| Boðhlaupssveit kvenna | | 4×100 m boðhl. | 3. sæti | 45.75 sek |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| María Rún Gunnlaugsdóttir | FH | Sjöþraut | 3. sæti | 5.562 stig |
| Benjamín Jóhann Johnsen | ÍR | Tugþraut | 5. sæti | 7.146 stig |
| Glódís Edda Þuríðardóttir | KFA | Sjöþraut | 13. sæti | 4.777 stig |
| Ísak Óli Traustason | UMSS | | 13. sæti | 6.695 stig |
| Andri Fannar Gíslason | KFA | Tugþraut | — | — |
| Sindri Magnússon | Breiðablik | Tugþraut | — | — |

## Evrópumeistaramót U23 Gävle, Svíþjóð

Fjórir keppendur náðu lágmarki til keppni á EM 22 ára og yngri sem fram fór í Gävle Svíþjóð dagana 11-14 júlí. Íslandsmethafinn í kringlukasti kvenna, Thelma Lind Kristjánsdóttir ÍR þurfti að hætta við þátttöku vegna meiðsla. Irma Gunnarsdóttir Breiðabliki keppti í sjöþraut en náði ekki að klára þrautina vegna meiðsla. Andrea Kolbeinsdóttir ÍR keppti í 10.000m hlaupi og kom í mark í 20.sæti á tímanum 36;04,22 mín. Andrea var einnig með lágmark í 3000m hindrunarhlaupi en valdi 10.000m að þessu sinni. Dagbjartur Daði Jónsson ÍR náði hinsvegar glæsilegu 6.sæti í spjótkasti með kasti uppá 76,85 m og stimplaði sig þar með inn á meðal þeirra fremstu í heiminum í þessum aldursflokki.






| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Thelma Lind Kristjánsdóttir | ÍR | Kringlukast | N/A | N/A |
| Irma Gunnarsdóttir | Breiðablik | Sjöþraut | N/A | N/A |
| Andrea Kolbeinsdóttir | ÍR | 10.000 m | 20. sæti | 36:04.22 mín |
| Dagbjartur Daði Jónsson | ÍR | Spjótkast | 6. sæti | 76.85 m |

## Evrópumeistaramót U20 Borås, Svíþjóð

Evrópumeistaramót 19 ára og yngri fór fram í Borås Svíþjóð dagana 18-21 júlí. Við áttum fjóra keppendur á mótinu. Erna Sóley Gunnarsdóttir ÍR keppti í kúluvarpi, Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR í 200 metra hlaupi, Valdimar Hjalti Erlendsson FH í kringlukasti og Þórdís Eva Steinsdóttir FH í 400 metra hlaupi. Einnig höfðu Birna Kristín Kristjánsdóttir Breiðabliki í langstökki, Elísabet Rut Rúnarsdóttir ÍR í sleggjukasti og Tiana Ósk Whitworth ÍR í 100m hlaupi náð lág-marki á mótið. Birna og Elísabet völdu að keppa á Ólympíuhátíð Evrópu-æskunnar sem fram fór á sama tíma. Tiana Ósk gat ekki keppt vegna meiðsla. Einnig hafði Rut Sigurðardóttir verið valin til þess að hlaupa boðhlaup en við þurftum að draga boðhlaups-sveitina úr keppni vegna meiðsla.

Þórdís Eva hljóp 400m á 56,70 sek og endaði í 26.sæti. Guðbjörg Jóna náði frábæru 4. sæti í 200m hlaupinu og kom í mark á 23,64 sek í 1,7m/s mótvindi. Hún var hársbreidd frá verðlaunum en aðeins 1/100 úr sekúndu munaði á henni og þeirri sem fékk bronsið og 4/100 úr sekúndu í silfrið. Valdimar Hjalti komst í 12 manna úrslit í kringlukastinu með því að kasta 56,04m en það var níunda lengsta kast undankeppninar. Valdimar kastaði síðan 55,75m og endaði í tólfa sæti en gott hjá honum að komast í úrslit.

Erna Sóley Gunnarsdóttir tryggði sér glæsileg bronsverðlaun í kúluvarpi með því að ná sínu lengsta kasti í síðustu umferð. Kastið var 15,65m og voru aðstæður vægast sagt erfiðar í vindi og úrhelli. Glæsilegur árangur Ernu!

Á ljósmynd
Þórdís Eva
Steinsdóttir



| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Erna Sóley Gunnarsdóttir | ÍR | Kúluvarp | 3. sæti | 15.65 m |
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 200 m | 4. sæti | 23.64 sek |
| Valdimar Hjalti Erlendsson | FH | Kringlukast | 12. sæti | 55.75 m |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 400 m | 26. sæti | 56.70 sek |

**Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar** Baku, Azerbaidjan

Keppni að þessu sinni fór fram í Azerbaidjan 22-27 júlí en keppt er í fjölda greina. Í frjálsíþróttakeppni leikanna voru sex íslenskir keppendur. Birna Kristín Kristjánsdóttir Breiðabliki og Dagur Fannar Einarsson Selfossi kepptu í langstökki, Elísabet Rut Rúnarsdóttir ÍR í sleggjukasti, Eva María Baldursdóttir Selfossi og Kristján Viggó Sigfinnsson Ármanni í hástökki og Ólíver Máni Samúelsson Ármanni í 100 metra hlaupi.

Birna Kristín náði ekki gildu stökki í langstökkinu en Dagur Fannar stökk 6,24 m og komst ekki í úrslit. Eva María stökk 1,72 m í hástökki og var hársbreidd frá verðlaunasæti og Óliver Máni bætti sig í 100m hlaupi og kom í mark á 11,06 sek og var tveimur sætum frá úrslitum. Elísabet Rut komst í úrslit sleggjukastins með kasti uppá 64,99 m og var það sjöunda lengsta kast undankeppninnar. Hún gerði hinsvegar öll þrjú köst sín ógild í úrslitum. Kristján Viggó komst í úrslitin með stökki uppá 1,99 m. Í úrslitum stökk hann 2,00 m og endaði í 7.sæti.

---

**Evrópubikarkeppni landsliða 3.deild** Skopje, N-Makedónía

Annað hvert ár er keppt í Evrópubikarkeppni landsliða og að þessu sinni var 3.deild keppninnar í Skopje Norður Makedóníu. Ísland sendi 4 keppendur og 10 þjálfarara og aðstoðarmenn. Ísland fór niður um deild 2017 og stefnan sett á að komast upp aftur en forsendur voru erfiðar þar sem að með breyttu fyrirkomulagi Evrópu-sambandsins ljóst var að aðeins eitt lið af tólf færi upp um deild og Serbar, heimamenn og Bosnía í raun sigurstranglegri en okkar lið. Eftir fyrri keppnisdaginn sem var frábær hjá okkar liði var fram-undan mikil barátta við Serba á seinni deginum. Hver einn og einasti keppenda íslenska liðsins átti frábært mót og fyrir síðustu greinar mótsins sem voru 4x400 metra boðhlaup karla og kvenna sat Ísland í öðru sæti skammt á eftir Serbíu. Kvennasveitin kom önnur í mark en karlasveitin í þriðja sæti í mjög jöfnu og umdeildu hlaupi. Serbneska karlasveitin sem kom fyrst í mark var hins vegar dæmd úr leik og fékk því engin stig fyrir þá grein. Þar með skaust Ísland þremur stigum fram úr Serbíu og hrepptu gullið í mikilli dramtík sem erfitt er að lýsa. Lokaniðurstaðan var því 430 stig fyrir Ísland og 427 fyrir Serbíu. Magnaður árangur hjá stórefnilegu og ungu liði við krefjandi aðstæður. Í heildina vann íslenska liðið til 25 verðlauna, 6 gull, 13 silfur og 6 bronsverðlaun auk þess að vinna heildarbikarinn!

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Birna Kristín Kristjánsdóttir | Breiðablik | Langstökk | Lauk ekki keppni | |
| Dagur Fannar Einarsson | Selfoss | Langstökk | 18.sæti | 6.24 m |
| Elísabet Rut Rúnarsdóttir | ÍR | Sleggjukast | 12.sæti | 64.99 m |
| Eva María Baldursdóttir | Selfoss | Hástökk | 13. sæti | 1.72 m |
| Kristján Viggó Sigfinnsson | Ármann | Hástökk | 7. sæti | 2.00 m |
| Ólíver Máni Samúelsson | Ármann | 100 m | 13.sæti | 11.06 sek |

**Töflur með árangri má finna á næstu blaðsíðu.**

## Evrópubikarkeppni landsliða 3.deild Skopje, N-Makedónía

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Andrea Kristjánsdóttir | ÍR | 4×100 m | 1. sæti | 45.81 sek |
| | | 4×400 m | 2. sæti | 3:45.47 mín |
| Andrea Kolbeinsdóttir | ÍR | 3000 m | 3. sæti | 9:47.66 mín |
| | | 5000 m | 4. sæti | 4:36.33 mín |
| Andrea Torfadóttir | FH | 4×100 m | 1. sæti | 45.81 sek |
| Aníta Hinriksdóttir | ÍR | 800 m | 2. sæti | 2:06.16 mín |
| | | 1500 m | 2. sæti | 4:36.33 mín |
| Ásdís Hjálmsdóttir | Ármann | Spjótkast | 1. sæti | 54.04 m |
| Birna Kristín Kristjánsdóttir | Breiðablik | Langstökk | 3. sæti | 5.73 m |
| Dóróthea Jóhannesdóttir | FH | 4×100 m | 1. sæti | 45.81 sek |
| Erna Sóley Gunnarsdóttir | ÍR | Kúluvarp | 2. sæti | 15.85 m |
| Glódís Edda Þuríðardóttir | KFA | 400 m grindahl. | 5. sæti | 1:11.73 mín |
| | | 4×400 m | 2. sæti | 3:45.47 mín |
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 100 m | 2. sæti | 11.58 sek |
| | | 200 m | 1. sæti | 23.74 sek |
| | | 4×100 m | 1. sæti | 45.81 sek |
| | | 4×400 m | 2.sæti | 3:45.47 mín |
| Helga Guðný Elíasdóttir | Fjölnir | 3000 m hindrun | 7. sæti | 12:21.11 mín |
| Hulda Þorsteinsdóttir | ÍR | Stangarstökk | 1. sæti | 3.60 m |
| Irma Gunnarsdóttir | Breiðablik | Þrístökk | 6. sæti | 12.42 m |
| Kristín Karlsdóttir | FH | Kringlukast | 4. sæti | 45.90 m |
| María Rún Gunnlaugsdóttir | FH | 100 m grindahl. | 2. sæti | 14.21 sek |
| | | Hástökk | 3. sæti | 1.75 m |
| Vigdís Jónsdóttir | FH | Sleggjukast | 3. sæti | 61.52 m |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 400 m | 2. sæti | 56.23 sek |
| | | 4×100 m | 1. sæti | 45.81 sek |
| | | 4×400 m | 2. sæti | 3:45.47 mín |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Ari Bragi Kárason | FH | 4×100 m | 1. sæti | 40.44 sek |
| Arnar Pétursson | ÍR | 3000 m hindrun | 5. sæti | 9:18.59 mín |
| | | 5000 m hindrun | 4. sæti | 15:25.67 mín |
| Benjamín Jóhann Johnsen | ÍR | Stangarstökk | 3. sæti | 4.51 m |
| | | Hástökk | 6. sæti | 1.95 m |
| Dagbjartur Daði Jónsson | ÍR | Spjótkast | 3.sæti | 74.18 m |
| Hilmar Örn Jónsson | FH | Sleggjukast | 2. sæti | 72.43 m |
| Hinrik Snær Steinsson | FH | 400 m | 7. sæti | 48.84 sek |
| | | 4×400 m | 2. sæti | 3:14.28 mín |
| Hlynur Andrésson | ÍR | 1500 m | 2. sæti | 3:49.29 mín |
| | | 3000 m | 2. sæti | 8:15.18 mín |
| Ísak Óli Traustason | UMSS | Langstökk | 6. sæti | 6.92 m |
| | | 110 m grindarhl. | 4. sæti | 15.18 sek |
| Ívar Kristinn Jasonarson | ÍR | 400 m grindarhl. | 2. sæti | 52.56 sek |
| | | 4×400 m | 2. sæti | 3:14.28 mín |
| Jóhann Björn Sigurbjörnsson | UMSS | 100 m | 4. sæti | 10.81 sek |
| | | 4×100 m | 1. sæti | 40.44 sek |
| Juan Ramon Borges Bosque | Breiðablik | 4×100 m | 1. sæti | 40.44 sek |
| Kolbeinn Höður Gunnarsson | FH | 200 m | 2. sæti | 21.53 sek |
| | | 4×100 m | 1. sæti | 40.44 sek |
| | | 4×400 m | 2. sæti | 3:14.28 mín |
| | | 4×400 m | 2. sæti | 3:14.28 mín |
| Kristinn Torfason | FH | Þrístökk | 7. sæti | 13.43 mín |
| Sæmundur Ólafsson | ÍR | 800 m | 5. sæti | 1:50.47 mín |
| Stefán Velemir | FH | Kúluvarp | 4. sæti | 15.49 m |
| Valdimar Hjalti Erlendsson | FH | Kringlukast | 3. sæti | 51.20 m |

Mót 2019

## NM U20 ára

Kristiansand, Noregur

Norðurlandamót 19 ára og yngri fór fram í Kristiansand Noregi 16-17 ágúst. Sameiginlegt lið okkar og Dana atti kappi við Svíþjóð, Noreg og Finnland. Að þessu sinni áttum við sextán keppendur;

Agla María Kristjánsdóttir Breiðablik, Birna Kristín Kristjánsdóttir Breiðablik, Elísabet Rut Rúnarsdóttir ÍR, Erna Sóley Gunnarsdóttir ÍR Eva María Baldursdóttir Selfoss, Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR, Hildur Helga Einarsdóttir Selfoss, Ingibjörg Sigurðar-dóttir ÍR, Katla Rut Robertsdóttir Kluvers Breiðablik, Þórdís Eva Steinsdóttir FH, Birgir Jóhannes Jónsson ÍR, Hinrik Snær Steinsson FH, Ingvar Freyr Snorrason ÍR, Kristján Viggó Sigfinsson Ármann, Sigursteinn Ásgeirsson UMSB, Valdimar Hjalti Erlendsson FH.

Í heildina voru verðlaun íslenska liðsins tíu, þrjú gull, sex silfur og eitt brons sem er frábært. Einnig féll eitt mótsmet og tvö aldursflokkamet. Norðurlandameistarar urðu Kristján Viggó Sigfinnsson í hástökki en hann stökk 2,13 m og bætti sinn fyrri árangur um 10 sm og einnig aldursflokkamet sem var orðið 22 ára gamalt. Erna Sóley Gunnarsdóttir fylgdi eftir bronsverðlaunum sínum frá EMU20 með því að sigra í kúluvarpinu með kasti uppá 15,85 m og setti um leið mótsmet. Þriðja gullið kom svo frá alíslenskri boðhlaupssveit okkar í 4×400 metra boðhlaupi kvenna. Sveitina skipuðu Katla Rut Robertsdóttir Kluvers, Þórdís Eva Steinsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir og Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir. Tími þeirra var 3:44,99 mínútur sem er stúlknamet 18-19 og 20-22 ára og um leið rós í hnappagat boðhlaupsverkefnis sambandsins.

Á ljósmynd
Hópurinn
á NM U20



| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| Valdimar Hjalti Erlendsson | FH | Kringlukast | 2. sæti | 57.59 m |
| | | Kúluvarp | 4. sæti | 16.08 m |
| Ingvar Freyr Snorrason | ÍR | Kringlukast | 8. sæti | 42.43 m |
| Kristján Viggó Sigfinnsson | Ármann | Hástökk | 1. sæti | 2.13 m |
| Sigursteinn Ásgeirsson | ÍR | Kúluvarp | 7. sæti | 13.84 m |
| Hinrik Snær Steinsson | FH | 400 m | 2. sæti | 48.74 sek |
| Birgir Jóhannes Jónsson | ÍR | Þrístökk | 8. sæti | 13.04 m |
| Þórdís Eva Steinsdóttir | FH | 200 m | 7. sæti | 25.28 sek |
| | | 400 m | 2. sæti | 55.64 sek |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | ÍR | 400 m grindahl. | 7. sæti | 1.03.83 sek |
| Eva María Baldursdóttir | Selfoss | Hástökk | 2. sæti | 1.76 m |
| Katla Rut Robertsdóttir Kluvers | Breiðablik | 400 m | 8. sæti | 58.83 sek |
| Hildur Helga Einarsdóttir | Selfoss | Spjótkast | 7. sæti | 37.19 m |
| Erna Sóley Gunnarsdóttir | ÍR | Kúluvarp | 1. sæti | 15.85 m |
| Agla María Kristjánsdóttir | Breiðablik | Þrístökk | 5. sæti | 12.24 m |
| Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir | ÍR | 100 m | 2. sæti | 12.08 sek |
| Elísabet Rut Rúnarsdóttir | ÍR | Sleggjukast | lauk ekki keppni | |
| Birna Kristín Kristjánsdóttir | Breiðablik | Langstökk | 2. sæti | 6.01 m |
| Boðhlaupssveit kvenna | | 4×100 m | 3. sæti | 47.48 sek |
| Boðhlaupssveit kvenna | | 4×400 m | 1.sæti | 3:44.99 mín |

**Heimsmeistaramót fullorðinna** Doha, Katar

HM í frjálsum fór fram í Doha, Katar dagana 27 september til 6 október. Að þessu sinni áttum við aðeins einn keppanda á þessu stóra sviði en það var Guðni Valur Guðnason kringlukastari úr ÍR. Guðni Valur náði sér ekki á strik og kastaði 53,91m sem dugði honum ekki til að komast í úrslit. Engu að síður mikilvægt skref fyrir Guðna Val í átt að stóru ári 2020.

---

**Norðurlandamót í víðavangshlaupum** Heinola, Finnlandi

NM í víðavangshlaupum fór fram í Heinola Finnlandi 10 nóvember á skemmtilegri og krefjandi braut. Við áttum þrjá keppendur að þessu sinni og öll úr ÍR. Hlynur Andrésson keppti í karlaflokki, Guðlaug Edda Hannesdóttir í kvennaflokki og Hlynur Ólason í flokki ungkarla U20 ára. Guðlaug Edda Hannesdóttir hljóp 7,5 km og varð í 12. sæti í kvennaflokki á tímanum 27:21 mínútu. Hlynur Ólason varð í 19. sæti í flokki ungkarla sem hlupu 6 km og kom hann í mark á 20:12 mínútum. Hlynur Andrésson gerði sér lítið fyrir og varð annar í 9 km hlaupinu og kom í mark á 27:09 mínútum, aðeins tveimur sekúndum á eftir David Nilsson frá Svíþjóð sem sigraði. Alls voru keppendur í karlaflokki 28 talsins. Glæsilegt hjá Hlyni sem sannaði enn og aftur að hann er á meðal fremstu hlaupara norðurlandanna.

---

**EM í víðavangshlaupum** Lissabon, Portúgal

Evrópumótið í víðavangshlaupum var í Lissabon Portúgal 8 desember og alls tóku 602 keppendur þátt í mótinu frá 40 löndum og mótið stækkar ár frá ári.

Hlynur Andrésson ÍR var valinn til keppni í karlaflokki og hlaupnir voru 10.225 m á mjög krefjandi braut. Hlynur kom í mark í 40 sæti af 92 keppendum í karlaflokki á tímanum 31;56 mín sem er glæsilegur árangur.

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| Guðni Valur Guðnason | ÍR | Kringlukast | — | 53.91 m |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| Hlynur Andrésson | ÍR | 9 km | 2. sæt | 27:09 mín |
| Guðlaug Edda Hannesdóttir | ÍR | 7,5 km | 12. sæti | 27:21 mín |
| Hlynur Ólason | ÍR | 6 km | 19. sæti | 20:12 mín |

| Nafn | Félag | Grein | Sæti | Árangur |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| Hlynur Andrésson | ÍR | 10,225 km | 40. sæti | 31:56 mín |

# Skýrslur nefnda

## Dómaranefnd

Dómaranefnd FRÍ hefur starfað síðan á Frjálsíþróttaþingi vorið 2016 og fékk formaður nefndarinnar áframhaldandi umboð á FRÍ þingi 2018. Fyrst og fremst eru það reyndustu frjálsíþróttadómarar okkar skipaðir í nefndina sem jafnframt eru tilbúnir til að taka að sé starf yfirdómara á mótum þeim sem FRÍ skipar í slík embætti.

Eftirtaldir einstaklingar hafa gengt störfum yfirdómara á síðustu tvö ár:

- Guðmundur Víðir Gunnlaugsson
- Gunnhildur Hinriksdóttir
- Rósa Marinósdóttir
- Sigurður Haraldsson
- Þorsteinn Þorsteinsson

Breytingar á skipan nefndarinnar frá 2016-17 voru þær að þau Björgvin Brynjarsson og Kristín Birna Ólafsdóttir komu í stað Katrínar Sveinsdóttur og Magnúsar Jakobssonar, sem áttu áratuga feril að baki. Er þeim þakkað framúrskarandi starf í dómaramálum frjálsíþrótta á Íslandi.

Þróun sem byrjaði fyrir nær áratug hefur verið sú að þeim fjölgar sífellt mótunum sem FRÍ skipar yfirdómara og var síðasta tímabil engin undantekning. Auk meistaramóta á öllum aldursstigum þá eru einnig Landsmót UMFÍ, Unglingalandsmót UMFÍ og Landsmót 50+, bikarkeppnir og sótt er eftir aðkomu FRÍ að skipa dómara á enn fleiri mótum, ekki síst götuhlaupum. Auk þess hefur nefndin með höndum dómarafræðslu, þ.e. að halda reglulega dómaranámskeið. Tveir úr dómaranefndinni, Þorsteinn Þorsteinsson og Sigurður Haraldsson, hafa séð um kennsluna á námskeiðunum, yfirleitt með því að skipta tveggja daga námskeiðunum á milli sín. Ef dómaranámskeið eru haldin utan höfuðborgarsvæðisins er að jafnaði aðeins annar þeirra tveggja sem kenna heilt námskeið. Á árunum 2018 og 2019 voru haldin sex námskeið, með 56 einstaklingum sem luku héraðdómaraprófi, á móti níu námskeiðum 2016-2017 og 90 sem luku héraðsdómaraprófi. Alltaf eru einhverjir sem koma á dómaranámskeið án þess þó að taka próf til héraðdómarastigs. Á heimasíðu FRÍ má finna skrá um alla þá sem hafa gilt héraðsdómarapróf í frjálsíþróttum á hverjum tíma. Það er einnig umtalsverð vinna sem nefndarmenn í dómaranefndinni leggja af mörkum við alþjóðleg mót, sem nú eru árlegir atburðir, svo sem Reykjavik International Games (RIG). Aðrir alþjóðlegir viðburðir, svo sem Reykjavíkurmaraþon, eru einnig á dagskrá dómaranefndar FRÍ og stjórnar FRÍ að skipa yfirdómara. Vegna sérþekk-

ingar sinnar og reynslu koma nefndarmenn dómaranefndar oft að undirbúningi móta, bæði heima í héraði og við undirbúning alþjóðamóta. Þá er áframhaldandi samstarf milli dómaranefndarinnar og langhlaupanefndar FRÍ um mál sem snerta báðar nefndirnar, m.a. hvað kröfur þurfi að gera til dómara í hlaupum utan valla og íþróttahúsa.

Dómaranefndin mun halda áfram að sinna sínu meginhlutverki, þ.e. að mennta og viðurkenna héraðsdómara í frjálsíþróttum auk þess að skipa, í samvinnu við stjórn FRÍ, yfirdómara á helstu mót í íþróttinni. Það er og verkefni nefndarinnar að vera stjórn FRÍ og öðrum nefndum sambandsins til ráðgjafar hvað snertir dómgæslu og framgang móta eftir því sem tök eru á. Til að dómarastarfið sé ákjósanlegt og brottfall minna en raunin er þarf að leita frekari leiða til að gera það eftirsóknarvert.

— Þorsteinn Þorsteinsson formaður dómaranefndar

---

**Fræðslu- og útbreiðslunefnd**

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur ekki verið nægjanlega virk á árinu. Engir formlegir fundir hafa verið haldnir og nefndarfólk helst hist á frjálsíþróttamótum og verið í samskiptum á netinu. Það liggur helst fyrir nefndinni að koma skikki á fræðslumál sambandsins. Eftir að hafa haldið kennaranámskeið haustið 2018 datt botninn úr og enginn dampur komst á að halda þjálfaranámskeið. IAAF hefur breytt sínu kerfi og er ekki lengur með krakkafrjálsar sem sérstakt þrep innan síns fræðslukerfis. Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur unnið gróf drög að skipulagi þjálfaranámskeiða sem yrðu unnin samhliða þjálfaramenntunarkerfi ÍSÍ. Fyrir liggur að ákveða þarf nánara innihald námskeiðanna og útbúa námskefni á íslensku. Nauðsynlegt er að koma reglulegum þjálfaranámskeiðum aftur á innan sambandsins og gera skipulagið betra.

— Gunnhildur Hinriksdóttir formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar

## Íþrótta- og afreksnefnd

1. Í hverju fólust helstu verkefni nefndarinnar á starfstímanum?

   Verkefni ÍÞA þetta árið voru ekki mörg í ljósi aðstæðna, þar sem öll erlend mótaþátttaka féll niður, ber þar helst að nefna Olympíuleikana, HM innanhúss og EM. Nefndin valdi níu flotta íþróttamenn til keppni á Norðurlandamótinu innanhúss í góðu samstarfi við afreksstjóra, en það var eina erlenda mót ársins þar sem FRÍ sendi keppendur á. Nefndin á þó nokkur verkefni eftir á árinu m.a. að tilnefna Frjálsíþróttakarl og -konu ársins. Nefndin hefur eins og áður átt í mjög góðu samstarfi við Guðmund Karlsson íþróttastjóra og hlakkar nefndin til frekara samstarfs með honum.

2. Hvað er nefndin ánægðust með af starfi sínu á tímabilinu?

   Þessum lið er því miður erfitt að svara á þessum tímum. En nefndin er almennt hvað ánægðust með jákvæð og góð samskipti alla þá þjálfara og forsvarsmenn íþróttafélaga. Að öllu jöfnu hefur gengið vel að fá upplýsingar hratt og fljótt, því oft er verið að vinna málin í tímapressu og reynir oft mikið á þjálfara að svara fljótt.

3. Hvað ætti nefndin helst að afreka á næsta starfstímabili?

   Auk þess að sinna sínum föstu verkefnum langar okkur að fara í stefnumótun með íþróttastjóra um framtíðarsýn varðandi íþrótta- og afreksmál hjá sambandinu. Að halda vinnustofu varðandi framtíðarsýn bæði með þátttakendur úr IÞA, þjálfarateymi FRÍ og kannski ennfremur formönnum frjálsíþróttadeilda félaga á Íslandi. Inni í þeirri vinnustofu væru góðir fyrirlesarar og eftirfylgni af hálfu íþróttastjóra og ÍÞA.

— Magnús Valgeir Gíslason formaður íþrótta- og afreksnefndar

---

## Íþróttamannanefnd

Íþróttamannanefnd starfaði ekki sem slík á tímabilinu en þó komu nefndarmenn að einstaka kynningarverkefnum í samstarfi við skrifstofu FRÍ

— Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir f.h. íþróttamannanefndar

**Laganefnd**
Laganefnd fundaði sumarið 2018 en hefur að öðru leiti átt í samskiptum í gegnum tölvupóst og síma. Helstu verkefni nefndarinnar hefur verið að uppfæra lög og reglur sambandsins eftir síðasta Frjálsíþróttarþing ásamt því að vera stjórn, skrifstofu og öðrum nefndum FRÍ til lögfræðilegrar ráðgjafar. Nefndin hefur á starfstíma sínum afgreitt á annan tug mála og fyrirspurna. Uppsetning laga og reglna sambandsins hefur verið samræmd og er nú sett fram mun skýrar en áður. Þá hefur nefndin leitast við að veita hraða og góða þjónustu þegar til hennar hefur verið leitað. Engin mál eru útistandandi hjá nefndinni og hefur hún ekki sérstakar tillögur að úrbótum að svo stöddu.

— Guðmundur Heiðar Guðmundsson `formaður laganefndar`

---

**Langhlaupanefnd**
Langhlaupanefnd hélt uppteknum hætti eins og undanfarin ár og fundaði alla jafna einu sinni í viku, þó hlé hafi verið gert á fundum í vor meðan covid gekk yfir og eins yfir blásumarið. Að venju fékk nefndin til liðs við sig aðila til að framkvæma meistaramótin og valdi keppendur til keppni í hinum ýmsu mótum ársins. Margt af þessum áætlunum hefur ekki gengið eftir vegna covid, og margir fundir nefndarinnar snérust um hvernig mætti koma Íslandsmótum í götu- og víðavangshlaupum. Einnig útbjó nefndin almennar leiðbeiningar til hlaupahaldara um framkvæmd viðburða í covid faraldri, sem og leiðbeiningar um framkvæmd utanvegahlaupa.

— Sigurður Þórarinsson `formaður langhlaupanefndar`

`Tveir nýir nefndarmenn komu inn í nefndina á árinu`
- Óskar Jakobsson
- Gunnlaugur Júlíusson

---

**Orðunefnd**
Orðunefnd FRÍ hélt áfram óbreytt frá fyrra tímabili og óbreytt var einnig gott samstarf. Í nefndinni sátu Freyr Ólafsson formaður, líkt og lög segja til um, en auk þess Magnús Jakobsson og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir. Þrír fundir voru haldnir á starfstímabilinu. Þess fyrir utan stillti nefndin saman strengi sína í tilfallandi spjalli en þó fyrst og fremst með tölvupósti. Nefndin samþykkti tilnefningar sem afhentar voru á þingi ÍBH í Hafnarfirði 2019 þar sem Fjóla Signý

Hannesdóttir varaformaður afhenti verðugum fulltrúum heiðursmerki. Á tímabilinu uppfærði nefndin reglulega yfirliti yfir orðuhafa FRÍ sem má nálgast á vefnum. Eitt stærsta verkefni nefndarinnar var sú áskorun að gera tillögu að heiðrunum á 62. Frjálsíþróttaþingi í Hafnarfirði.

— Freyr Ólafsson formaður orðunefndar

---

**Mótanefnd**

Mótanefnd vinnur að „langtímaskipulagi frjálsíþróttamóta“. Rammi um starf/verkefni Mótanefndar er því nokkuð óskýr, en nokkurra ára hefð er komin fyrir því að Mótanefnd dagsetji FRÍ-mót hvers árs. Önnur hefð er einnig áragömul, en sú er að mótanefnd úthluti mótum, þ.e. raði mótum á félög. Núverandi Mótanefnd hefur fylgt báðum þessum hefðum og gert tillögur til stjórnar FRÍ um hvort tveggja. Það er svo stjórnarinnar að taka ákvörðun (svipað fyrirkomulag og hjá Þórólfi og Svandísi).

Þegar Mótanefnd dagsetti mót hefur einkum tvennt verið haft í huga. Annars vegar var tekið tillit til alþjóðlegra móta og þeirra móta íslenskra sem FRÍ ekki ræður (RIG, RM og ULM). Hins vegar að velja hverju mótanna „ákveðinn stað“ í dagatalinu. Gera þannig tilraun til að festa hvert mótanna við ákveðna „viku“ eða tímabil. Þetta til að auðvelda iðkendum, þjálfurum og öðrum að skipuleggja æfingar og starf (og frí) með nokkurri vissu fram í tímann. Inn í skipulagið kom svo „meistaramótsgluggi“ WA (World Athletics), þ.e. helgi sem helguð er meistaramótum aðildarlanda. Fyrir árið 2020 stönguðust hins vegar á þessi gluggi og tímamörk vegna lágmarka á ÓL. Vonandi endurtekur það sig ekki. En næstu ár eru gluggarnir tveir, fyrsta og síðasta helgi í júní. Nema 2023, þá eru það fyrsta og síðasta helgi júlímánaðar. Rökin fyrir að setja MÍ í þennan glugga eru að þá er vitað að það rekst ekki á erlend stórmót. Þá hlýtur að mega vænta þess að bæði WA og EAA stilli tímamörk vegna lágmarka í samræmi hér við.

Við úthlutun móta var gengið út frá fjölda keppenda frá hverju félagi í Meistaramótum þá næstliðin 3 ár. Þetta til að forðast að úthlutun væri einungis byggð á „tilfinningu“. Aðferðin breytti ekki miklu með tilliti til úthlutana fyrri ára. En það kom í ljós að mjög mörg „atkvæði“ féllu dauð, mörg lítil félög komust ekki á blað hvert og eitt en saman áttu þau „rétt á“ að vera með í úthlutun. Mótanefnd ákvað því að hafa með í úthlutun „Reykjavík“ og „Norðurland“ auk þess hefðbundna. Þessi aðferð gekk ekki, hverju sem um er að kenna. Hugsanlegar ástæður eru inngróinn hreppa-

rígur innan frjálsíþróttahreyfingarinnar, þróttleysi félaganna og/eða tregða hreyfingarinnar til að vinna/hugsa á öðrum nótum en áður.

Árið 2020 varð öðru vísi en ætlað var. Fyrst skal nefna innanhússútgáfu MÍ 11-14 ára, sem ekki tókst að halda sl. vetur. Þegar Covid-okinu var af okkur lyft í vor endurgerði Mótanefnd mótaskrá sumarsins. Mótshaldarar almennt tóku breytingunum vel og gekk mótahald samkvæmt áætlun – til að byrja með. Veirukvikindið greip aftur inn í gang mála í byrjun ágúst, þegar þetta er sett á blað er ekki ljóst hvort tekst að ljúka mótahaldi ársins. Mótanefnd finnst vanta frekari umgjörð um úthlutun móta. Með núverandi umgjörð eru nefndinni ekki lagðar neinar línur, það er slæmt. Skýrar línur myndu auðvelda nýrri nefnd hverju sinni að hefja störf og jafnframt auka líkur á samfellu í starfi nefndarinnar til lengri tíma litið.

Hvaða skilyrði þarf félag/samband að uppfylla til að fá að halda FRÍ-mót (meistaramót og bikarar)? Á t.d. að gefa einkunn fyrir hvert mót haldið og láta hana hafa áhrif á möguleika félaga? Væri umsóknakerfi betra en úthlutun? Aðstæður (vellir og hús) ættu að skipta máli við úthlutun. En það er ekki hlutverk Mótanefndar að fjalla um þau mál. Þar koma til Mannvirkjanefnd, reglur og stjórn FRÍ.

— Eiríkur Mörk Valsson formaður mótanefndar

Aðrir í Mótanefnd FRÍ 2018-2020

- Arndís Ýr Hafþórsdóttir
- Þuríður Ingvarsdóttir

---

**Mannvirkjanefnd**

Mannvirkjanefnd FRÍ hefur starfað síðan á Frjálsíþróttaþingi vorið 2018, þegar Móta- og mannvirkjanefnd var skipt í tvær nefndir.

